

Spá Val
Íslandsmeistaratitli

POTTURINN
STEFNIR Í
105 MILLJÓNIR



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

64. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 31. MARS 2023



KSÍ rak Arnar Þór

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, og stjórn sambandsins ákváðu í gær að vikja Arnari Þór Viðarssyni úr starfi þjálfara íslenska karlalandsliðsins. Samkvæmt tilkynningu frá KSÍ var ákvörðunin tekin með hagsmuni liðsins að leiðarljósi. Leit að eftirmanni Arnars Þórs er hafin. SJÁ SIÐU 2 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Jón Gunnarsson í
kröppum dansi



Ekkert stöðvar
Grey fólkið



Skrifar um
reynsluna af
Kleppi

Erlent vinnuafli of oft hlunnfarið

FERÐAÞJÓNUSTA Hlutfall útlendinga í störfum í ferðaþjónustu hér á landi er mun hærra en Samtök ferðaþjónustunnar halda fram. Þetta segir Valur Jónsson rútbílstjóri.

Valur segir að launatekjur margra útlendinga í greininni séu langt undir lágmarkstaxta með botnlausum vöktum. Lítið sé á útlendinga sem vinnudýr og ódýrt vinnuafli.

Á mörgum stöðum sé gríðarleg mannavelta. „Því vitanlega forðar fólk sér þegar það getur.“ SJÁ SIÐU 6



Valur Jónsson,
rútbílstjóri

Síðasta þolanda Gunnars bolað út úr Digraneskirkju

Með uppsögn organistans í Digraneskirkju er síðasti þolandi í máli séra Gunnars Sigurjónssonar farinn frá kirkjunni. Fólk er ugðandi yfir stöðu kirkjunnar.

helenaros@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG Sunna Dóra Möller prestur segir skýra starfsmannahreinsun hafa átt sér stað í Digraneskirkju frá því að mál séra Gunnars Sigurjónssonar kom upp árið 2021.

Þá sökuðu sex konur, þar á meðal Sunna, Gunnar um einelti, kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni. Í lok síðasta árs var það svo staðfest með skýrslu óháðs teymis þjóðkirkjunnar en þar kom fram



Sunna Dóra
Möller, prestur

að Gunnar hefði gerst sekur um tíu brot, átta er vörðuðu einelti og tvö sem vörðuðu kynbundið ofbeldi og orðbundna kynferðislega áreitni. Hann fær ekki að snúa aftur til starfa.

„Organistinn er síðasti þolandi sem fær að fjúka úr Digranesi og hefur þá orðið algjör og fordæmalaus hreinsun á starfsfólki innan

kirkjunnar sem stóð að baki skýrslunni gegn Gunnari, ásamt konum sem voru á hliðarlínunni með tengsl við annars konar ofbeldismál gegn til dæmis núverandi sóknarnefndarformanni,” segir Sunna og vísar til Valgerðar Snæland Jónsdóttur, formanns sóknarnefndar kirkjunnar.

„Við þolendur höfum notið eins mikils skjóls frá Biskupsstofu og mögulegt er og fyrir það er ég þakklát,” segir Sunna og bendir á að aðstæður innan kirkjunnar eigi sér enga hliðstæðu í kirkjusögunni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur fólk verulegar áhyggjur af stöðu kirkjunnar. Margir sem blaðið hefur rætt við segja nauðsynlegt að formaður sóknarnefndar stígi til hliðar og láti af störfum. ■



POTTURINN
STEFNIR Í
105 MILLJÓNIR



LEIKURINN OKKAR



Inga er að rannsaka áhrif stafrænnar þróunar á jaðarhópa hér á landi.

Ingu Björk launað baráttuþrekið

ser@frettabladid.is

SAMFÉLAG Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir fær aðgengisviðurkenningu Reykjavíkur 2022, en viðurkenninguna hlýtur hún fyrir baráttu sína fyrir bættu aðgengi í stafrænum heimi.



Inga er að rannsaka áhrif stafrænnar framþróunar á jaðarhópa í doktorsnámi sínu.

Verðlaunahafinn hefur vakið athygli á mikilvægi þess að stafræn vegferð samfélagsins þjóni öllum og skilji engan út undan, en hún rannsakar nú í doktorsnámi sínu áhrif þessa á jaðarhópa.

Inga Björk þakkaði fyrir viðurkenninguna og benti á hversu mikilvægt væri að gerður yrði rammi um stafræn aðgengis- og réttindamál er varða mannréttindi í breiðum skilningi. ■

Fær loksins húsnæði



Það voru sannkölluð tímamót í Silfursmára í gær þegar Margrét Sigríður Guðmundsdóttir tók á móti lykklunum að íbúð sinni sem Ármann Ólafsson frá Brynju leigufélagi afhenti henni. Hún hefur verið í baráttu við Kópavogsbæ og ríkið undanfarin ár vegna úrræðaleysis og getur nú loksins flutt út af hjúkrunarheimilinu sem hún hefur búið á síðastliðin tvö ár. Vonir standa til að hún flytji inn eftir páskana og því stutt í flutningana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rýming heldur áfram á Austurlandi

kristinnpall@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Rýming hélt áfram á Austurlandi í gær og var óvissu- og hættustig í gildi víðs vegar um landshlutann. Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri á Austurlandi, segir að björgunaraðilar upplifi æðruleysi hjá fólki sem hefur þurft að þiggja aðstoð og er spennat að þetta verði yfirstaðið.

„Það eru allir að reyna að vinna að þessu og vinna þetta vel. Auðvitað er þetta erfitt, en flestir taka þessu af miklu æðruleysi að mér skilst,“ segir Margrét. Hún er sjálf í aðgerðastjórn og því ekki úti við björgunarstörf. Aðspurð segir hún að það eigi eftir að gæta áhrifa þessa veðurfars á andlega heilsu eftir að þessu verði lokið.

„Það er heilmikil vinnsla eftir við að vinna úr þessum áfalli.“



Frá björgunaraðgerðum á Austurlandi í gær. MYND/LANDBJÖRG

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, tekur í sama streng og segir stöðuna fordæmalausa á Austfjörðum.

„Þetta hefur gifurlegar afleiðingar fyrir fólk sem þarna býr. Við biðjum fólk að láta vita þegar það fer og fylgjast vel með tilkynningum frá lögreglu og almannavörnum.“ ■

KSÍ bar ekki lengur traust til Arnars landsliðspjálfa

Arnar Þór Viðarsson var rekinn sem landsliðspjálfi karla í fótbolta í gær. Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, segir ákvörðunina hafa verið erfiða en nauðsynlega því trúin á að Arnar væri réttur maður á réttum stað var ekki lengur til staðar.

hordur@frettabladid.is
helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Ég skil gagnrýnina á tímasetninguna. En þegar stjórnin hefur ekki trú og traust og við höldum ekki að þjálfarinn sé rétti maðurinn þá verðum við að taka svona ákvörðun,“ segir Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, en í gær ákvað stjórn sambandsins að vika Arnari Þór Viðarssyni úr starfi.

Arnar Þór stýrði íslenska karlalandsliðinu frá því undir lok árs 2020. Síðasti leikur hans sem landsliðspjálfa var gegn Liechtenstein, sem vannst 7-0, sá stærsti í sögunni.

Mikið hefur verið rætt og ritað um framtíð Arnars Þórs. Margir héldu að metsigurinn myndi lægja öldurnar en Vanda bendir á að fáir landsliðspjálfarar hafi lent í eins miklu mótlæti og Arnar Þór.

„Það er margt sem hann má vera stoltur af, líka í starfi sem sviðsstjóri knattspyrnusviðs. Hann kemur með afreksáætlun og alls konar. Það gerir þetta enn erfiðara. Það breytir því ekki að ef stjórn knattspyrnusambandsins er sannfærð um að hann sé ekki rétti maðurinn þá verðum við að gera breytingar, eins erfitt og það er,“ segir Vanda.

Arnar hefur þurft að byggja upp nýtt landslið undanfarin ár og fékk hann tíma til þess. Vanda sagði á ársþingi KSÍ á Ísafirði í febrúar



Arnar Þór tók við liðinu í árslok 2020. Liðið fékk strax skell í fyrstu umferð undankeppni EM 2024 á dögnum í 0-3 tapi gegn Bosníu og Hersegóvínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

19%

Íslenska liðið var með nítján prósentu sigurlutfall undir stjórn Arnars Þórs.

ad nú væri kominn tími á að ná í úrslit. „Við vorum í uppbyggingu og ákváðum að við þyrftum að sýna ákveðna þolinmæði vegna þeirra aðstæðna og breytinga sem voru.“

Mikilvægi þess að karlalandsliðið komist aftur á stórmót er gríðarlegt. Það er okkar hlutverk að finna leiðir til að gera allt til að það takist. Til þess var talið að þyrfti að skipta

um þjálfara,“ segir Vanda. KSÍ er ekki búin að ræða við neinn og leitin að nýjum landsliðspjálfa er því hafin. „Við erum ekki búin að ræða við neinn. En við förum á stúfana. Þó að næsti leikur sé 17. júní er þetta fljótt að liða.“

Arnar var allt annað en vinsæll hjá íslensku þjóðinni eins og samfélagsmiðlar og kommentakerfi fréttamiðla sýna og sanna. Vanda segir að KSÍ hafi verið meðvituð um þennan storm.

„Við erum í þessu samfélagi og við heyrum þetta allt saman. Í raun var þetta svona frá byrjun, frá því hann var ráðinn. Þetta snýst meira um þá trú sem við höfum. Við teljum að við þurfum annan þjálfara til að ná markmiðum okkar. Trúin á að Arnar væri rétti maðurinn var ekki lengur til staðar,“ segir Vanda. ■

Mikið úrval af borðstofuborðum frá CASÖ



Embla hrinborð 120 cm og 140 cm reykt eik og nature eik.

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



Gleðilega páska

**Veldu páskaegg frá Nóa
sem passar þér!**

Páskaegginn frá Nóa Sírius eru tilbúin. Það eru spennandi nýjungar í boði og egg sem hæfa öllum. Þau eru nefnilega allskonar, sæt stökk, smá og stór en fyrst og fremst ómótstæðileg.



Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!



Lýsti fyrri samskiptum hins látna við Magnús Aron

jonthor@frettabladid.is

DÓMSMÁL Fyrirverandi kærasta mannsins sem lést í Barðavogsmálinu greindi frá fyrri samskiptum hans við Magnús Aron Magnússon, sakborning málsins, sem er grundaður um að hafa valdið honum bana síðasta sumar.

Ágreiningur er um hvort þeir hafi átt í samskiptum fyrir átök sem leiddu til andlátsins.

Konan bar vitni fyrir dómi í gær, en hún var í sambandi með hinum látna frá því janúar 2020 þangað til rétt fyrir áramót 2021.

Í vitnisburði sínum sagði konan hafa dvalið eitthvað í íbúð mannsins í Barðavogi. Hún vildi meina að í eitt skipti hefði maðurinn, sem bjó í kjallaraíbúð hússins, farið upp til Magnúsar, sem bjó á efstu hæðinni, til að kvarta yfir hávaða. „Þetta hljómaði ekki eins og partístand,“



Magnús Aron Magnússon, sakborningur í Barðavogsmálinu, á leið í dómssal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

útskýrði konan sem sagði að maðurinn hefði útskýrt fyrir Magnúsi að hann byggi með öðru fólki og mætti ekki vera með læti. Magnús hefði beðist afsökunar og sagst ætla að gera betur. „Hann sagði hafa verið að eiga slæma viku,“ tók hún fram.

Í fyrradag fullyrta Magnús fyrir dómi að hann hefði ekki átt í samskiptum við manninn áður en til átaka kom á milli þeirra, sem leiddu til andlátsins. Þá liggja fyrir texta-

skilaboð milli mannsins og annars nágranna þar sem hann segist ekki hafa hitt Magnús áður, einungis séð hann.

Spurð hvort maðurinn væri líklegur til að leysa vandamál á átakmiðaðan hátt sagði konan svo ekki vera. „Hann var alls ekki skapstór. Hann var mikill rólyndismaður og díplómatur. Hann reyndi alltaf tala við alla og leysa málin,“ sagði hún. ■



Margir eru farnir að huga að páskaeggjakaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ódýrustu eggini í lágvöruverslunum

ser@frettabladid.is

NEYTENDUR Bónus var oftast með lágsta verð á páskaeggjum í verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ sem gerð var í byrjun vikunnar, í öllum tilvikum nema fjórum, en þar var Krónan með lágsta verðið.

Krónan og Bónus reyndust vera með lágsta meðalverð á páskaeggjum en Fjardarkaup og Nettó með næstlágsta meðalverði sem var að meðaltali um 5 prósentum hærra.

Iceland var oftast með hæsta verðið á páskaeggjum en Heimkaup voru með hæsta meðalverðið. ■

Halldór Benjamín hættir hjá SA

benedikarnar@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hefur sagt upp starfi sínu, þetta kom fram í tilkynningu frá honum í gær. Halldór hefur gegnt starfinu í sjö ár en hefur störf hjá fasteignafélaginu Regin á næstunni.

„Starfið hjá SA hefur verið mjög lærdómsríkt og skemmtilegt en það er á sama tíma engum hollt að vera í slíku starfi of lengi,“ sagði Halldór í tilkynningunni. ■

Jón aftur lentur í kröppum dansi

Sem oft áður er ólgusjór í kringum Jón Gunnarsson. Próffessor í stjórnmálafræði segir að það virðist sem svo að hann sé að ýta á að koma málefnum í gegn enda hefur verið rætt um að Guðrún Hafsteinsdóttir biði á hliðarlínunni.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Tímabundin skipan Jóns Gunnarssonar sem dómsmálaráðherra hefur leitt til margs konar átaka um störf hans og embættisfærslur.

Síðan Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, tilkynnti ráðherra sinn að loknum síðustu kosningum hafa mörg deilumál komið upp. Samkvæmt áætlun Bjarna leysir Guðrún Hafsteinsdóttir senn Jón af hólmi en Jón hefur komið miklu í verk á skömmum tíma þótt sum störf hans þyki orka tvímælis.

Ekki færri en fimm umdeild mál hafa leitt til þess að Jón hefur stigið krappan dans undanfarið og auk annarra helstu mála sem rakin eru hér á síðunni má nefna skipan Karls Gauta Hjaltasonar sem lögreglustjóra í Eyjum sem hefur vakið hörð viðbrögð.

„Það er eins og að Jón sé í sprett-hlaupi og ætli sér að klára heilt kjörtímabil á einu og hálfu ári,“ segir Eiríkur Bergmann próffessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst.

Eiríkur segir að kannski njóti Jón þess að ekki sé tekið á málum hans sem skyldi vegna þess að hann sé á útleið.

„Það er ógurlegur sprengur í þessu öllu saman.“

Þeir sem standa næst Jóni segja hann mikinn verkmann, líkt og embættisfærslur hans sem dómsmálaráðherra sýni. Þá sé kostur hve óhræddur hann sé við að berjast fyrir málum sem hann trúir á að verði að koma fram, óháð áli minnihlutans og jafnvel almennings. ■



Jón Gunnarsson er ekki allra en hann hefur verið duglegur að taka veigamiklar ákvarðanir á því eina og hálfu ári sem hann hefur gegnt embætti dómsmálaráðherra í ríkisstjórn Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjögur helstu deilumálin sem tengjast störfum Jóns sem dómsmálaráðherra

Útlendingafrumvarpið Þrátt fyrir mótmæli fyrir utan þingið þegar atkvæðagreiðslan fór fram var umdeilt útlendingafrumvarp Jóns samþykkt fyrir í mánuðinum. Frumvarpið var mikið hitamál og var deilt um stöðu fylgdarlausra barna sem koma til landsins þar sem stjórnarandstæðingar töldu að breytingar Jóns myndu auka öryggi þeirra og brjóta á Mannréttinda- og Barnasáttmála Sam-einuðu þjóðanna.

Rafbyssur Eitt af helstu hitamálum í ráðherratið Jóns hefur verið ákvörðun hans um

að veita lögreglunni heimild til notkunar á rafbyssum. Jón tilkynnti fyrirhugaða breytingu í aðsendri grein í Morgunblaðinu án þess að vera búinn að láta aðra ríkisstjórnarmeðlimi vita. Það var kallað eftir afsögn Jóns en málið er enn til skoðunar.

Aðdróttun um mútur þingmanna Jón sakaði nefndarmenn allsherjar- og menntamála-nefndar og aðra þingmenn minnihlutans um að þiggja þakk-lætisvott frá fólki sem hefur verið veittur ríkisborgararéttur eftir að nefndin sakaði hann um lögbrot þegar hann kom í

veg fyrir að Útlendingastofnun afhenti gögn í tengslum við veitingu ríkisborgararéttar. Jón baðst afsökunar á ummælunum.

Meint hindrun upplýsinga Jón viðurkenndi opinberlega að hafa sagt Útlendingastofnun að afhenda Alþingi ekki gögn um umsækjendur um ríkisborgarétt, sem þingið hafði óskað eftir. Samkvæmt minnisblaði skrifstofu Alþingis, sem hafði borist stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, fór Jón í bága við lög þegar hann kom í veg fyrir afhendingu gagnanna og hindraði með því störf þingsins. ■

Minnka líkur á milliverkunum

lovisa@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjavísir er ný lausn í sjúkraskrárfélaginu Sögu sem einfaldar læknum og heilbrigðisstarfsfólki að skoða milliverkanir lyfja. Með lausninni verður áhættu- stýring í lyfjameðferðum auðveldari og öryggi sjúklinga betur tryggt með því að minnka líkur á alvarlegum tilvikum vegna milliverkana.

Á vef Lyfjastofnunar kemur fram að notkun tveggja eða fleiri lyfja samtímis getur leitt til þess að ólík lyf hafi áhrif hvert á annað. Þetta getur orðið til þess að auka eða draga úr verku lyfjanna og um leið valdið aukaverkunum.

„Með Lyfjavísi er hægt að fletta lyfi upp í sjúkraskrá um leið og því er ávísað til að sjá hvort það hafi hættulegar milliverkanir við önnur lyf sem sjúklingurinn er þegar á.



Fljótlega ferli og aðgengilegra en að fletta upp lyfjum á erlendum vefsíðum.



Hanna Rut Sigurjónsdóttir, viðskiptastjóri heilbrigðislausna hjá Origo

Mun fljótlega ferli og aðgengilegra en að fletta upp lyfjum á erlendum vefsíðum eins og áður var raunin,“ segir Hanna Rut Sigurjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og viðskiptastjóri heilbrigðislausna hjá Origo þar sem Lyfjavísir var hannaður.

Hún segir að þróun á Lyfjavísi hafi verið komið af stað til að svara kalli lækna um forrit sem auðveldaði uppflettingar á milliverkunum. Samkvæmt rannsókn sem gerð var meðal lækna og birt í Læknablaðinu voru tæplega 80 prósent aðspurðra þeirrar skoðunar að það vantaði milliverkunarforrit tengt sjúkraskrá. Í kjölfarið var ákveðið að fara í þróun á Lyfjavísi, sem tengist gagnagrunnum FEST í Noregi sem dreift er af Lyfjastofnun til notkunar á Íslandi. ■

Nánar á frettabladid.is

ÍPRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT

Gríptu

FERMINGAR BOMBUR

... og önnur glæsileg fermingartilboð!



Husqvarna E10
Verð áður 39.995 kr. / **Tilboð: 31.995 kr.**



Husquarna Emerald 118
Verð áður 69.900 kr. / **Tilboð: 59.900 kr.**



Brother A16
Verð áður 74.900 kr. / **Tilboð: 64.900 kr.**



Sennheiser HD300
Verð áður 7.995 kr. / **Tilboð: 5.995 kr.**




EPOS H3
Verð áður 15.995 kr. / **Tilboð: 12.995 kr.**



Sennheiser CX-TRUE-WL
Verð áður 19.995 kr. / **Tilboð: 14.995 kr.**



Hleðsluborðlampi
Verð áður 9.590 kr. / **Tilboð: 6.995 kr.**



Borðlampi
Verð áður 14.900 kr. / **Tilboð: 11.500 kr.**



Snapora borðlampi
Verð áður 17.490 kr. / **Tilboð: 13.500 kr.**

Telja alltof skammt gengið í hagræðingu

ser@frettabladid.is

RÍKISFJÁRMÁL Stjórn Félags atvinnurekenda segir alltof skammt gengið í hagræðingu á gjaldahlíð í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og hvetur stjórnvöld til að ganga harðar fram í lækkun ríkisútgálda og fækkun ríkisstarfsmanna.

Til þess þurfi að breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og gera þannig starfsmannahald ríkisins sveigjanlegra og nútímalegra. Nóg séu tækifærin til aðhalds í þessum efnunum, enda hafi ríkisstarfsmönnum fjölgað úr hófi fram á undanföllum árum.

Ný skýrsla á vegum félagsins sýni að ríkisstarfsmönnum hafi fjölgað um meira en fimmting frá 2015 á sama tíma og starfsmönnum á almennum vinnumarkaði hafi fjölgað um innan við fimm prósent.

Því séu það vonbrigði að ríkisstjórnin grípi í staðinn til skattahækkana á fyrirtæki. „Félagið telur



Guðrún Ragna Garðarsdóttir, formaður Félags atvinnurekenda

fremur ástæðu til að léttja sköttum og álögum af fyrirtækjum, til dæmis með því að efna marggefin fyrirheit um að tryggingagjald lækki til samræmis við það sem það var fyrir bankahrun,” segir í tilkynningu frá stjórn þess.

Þá séu það einnig vonbrigði að ekki finnst stafkrökur í fjármálaáætluninni um lækkun tolla til að stuðla að aukinni samkeppni, lægra matarverði og lækkanði verðbólgu. „Stjórnvöld virðast kjósa að gæta þröngra sérhagsmuna fremur en að horfa á almannahag.“ ■

Netanjahú ekki boðið í Hvíta húsið

helgisteinar@frettabladid.is

ÍSRAEL Joe Biden Bandaríkjaforseti og Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hafa undanfarna daga deilt um áætlun ísraelsku ríkisstjórnarinnar um að draga úr völdum hæstaréttar landsins.

Biden hefur gagnrýnt áætlun Netanjahú en sá síðarnefndi segir Ísraela vera sjálfstæða þjóð sem taki eigin ákvarðanir óháð utanáðkomandi þrýstingi.

Forsettinn hefur ekki í hyggju að bjóða Netanjahú í Hvíta húsið á næstunni og var óvenju harðorður í garð forsætisráðherra eftir þau verkföll og fjöldamótmæli sem hafa gengið yfir landið undanfarnar vikur.

„Eins og margir aðrir dyggir stuðningsmenn Ísraels hef ég miklar



Biden fékk hlýjar kveðjur í Tel Aviv.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

áhyggjur. Þeir geta ekki haldið áfram á þessari braut og ég hef verið skýr með það. Vonandi mun forsætisráðherrann bregðast við með þeim hætti að hægt verði að koma á einhvers konar málamiðlun.“ ■



Dæmi eru um fyrirtæki sem standa sig vel í starfsmannaþjónustu við ferðamenn að sögn Vals Jónssonar bílstjóra. Hitt er þó algengara og einkum úti á landi að illa sé farið með erlent starfsfólk að hans sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Segir útlendinga líða fyrir fjölmörg brot Íslendinga

Rútubílstjóri segir Samtök ferðaþjónustunnar gefa upp rangar tölur um vinnuafli vísitandi til að fegra raunveruleikann. Launaþjófnaður kemur formanni Eflingar ekki á óvart.

bth@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Valur Jónsson rútubílstjóri segist gáttaður á þeim ummælum um hlutfall erlends vinnuafli sem höfð voru eftir framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar í Fréttablaðinu.

„Hann [Jóhannes Þór] segir að hlutfall útlendinga sem starfar í ferðaþjónustu hér sé þriðjungur. Sannleikurinn er sá að það eru nánast allir sem starfa við ferðaþjónustuna útlendingar,” segir Valur.

Valur segir að sá sem gisti á hótélum hringinn í kringum landið sjái vart Íslending starfandi á gististöðum nema að morgni til að taka við peningum. „Þá kemur einhver hátt settur.“

Rútubílaflotinn sé gerður út til helminga með erlendu vinnuafli en hlutfall fólks af erlendum uppruna á gististöðum og mörgum veitingahúsum, einkum úti á landi, sé nær því að vera 95 prósent en þriðjungur.

„Það dugar ekki að sækja upplýsingar um þessi mál til Jóhannesar Þórs hjá Samtökum ferðaþjónustunnar af því að hann vinnur við að láta ferðaþjónustuna líta vel út.“

Valur er á áttæðisaldri, hefur ekið rútubíl síðan 1977 með einu hléi og er enn að. Hann hefur hitt hótélstjóra sem sagði: „Það þýðir ekkert að ráða Íslendinga því þeir þurfa alltaf að vera fríi.“

Skuggahlíðin að sögn Vals er að margt erlent fólk hér í ferðaþjónustunni fái launatekjur langt undir lágmarkstaxta. Sumir útlendinganna séu með „botnlausar vaktir“ og búi í gámum. Þeir komist vart frá vinnustaðnum meðan á vertíðinni stendur og séu þeirri stund fegnastir þegar þeir komast aftur til síns heimalands.

„Ein kona sagði við mig að mánadarkaupið væri 1.450 evrur, fyrir ótakmarkaða vaktavinnu,” segir Valur. Samkvæmt gengi dagsins í gær eru 1.450 evrur ígildi 216.000 króna.

„Það er lítið á útlendinga sem



Valur Jónsson er ömyrkur í máli er kemur að aðbúnaði fólks sem flutt er til Íslands gagnert til að starfa á gististöðum og veitingahúsum. MYND/ADSEND



Það er lítið á útlendinga sem vinnudýr, ódýrt vinnuafli. Ekkert annað en græðgi skýrir hve starfsaðstæður þessa fólks eru ömurlegar.

Valur Jónsson, rútubílstjóri



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Þó nefnir Valur að sum fyrirtæki standi sig vel, sem dæmi Friðheimar í Biskupstungum. Þar sé vel búið að erlendum starfsmönnum enda koma þeir sumar eftir sumar til baka. Á flestum stöðum sé þó gríðarleg mannavelta. „Því vitanlega forðar fólk sér þegar það getur.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir á ábyrgð atvinnurekenda að passa upp á að fólk sé í stéttarfélagi.

„Ef þetta er eins og maðurinn lýsir er um að ræða grafalvarlegan launaþjófnað en það kemur svo sem ekki á óvart,” segir Sólveig Anna.

Samkvæmt texta Eflingar á þerna sem þrífur hótélherbergi í Reykjavík ekki að fá lægri laun en um 410.000 krónur á mánuði. ■

AÐALFUNDUR

KEA

verður haldinn í Menningarhúsinu Hofi
fimmtudaginn 27. apríl kl. 20:00

Á dagskrá fundarins eru venjubundin aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Tillögur sem óskað er eftir að verði teknar fyrir á fundinum skulu berast stjórn skriflega eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá og ársreikningur verða aðgengileg á heimsíðu félagsins www.kea.is viku fyrir aðalfund.



KEA



Eucerin[®]

**LJÓMAÐU
EINS OG BEST
ÞÚ GETUR**

**FYRIR ALLAR
ÞÍNAR HÚÐÞARFIR**

NÝTT



**97%*:
EYKUR
TEYGJANLEIKA**

**95%*:
MINNKAR
LITABLETTI**

**99%*:
FYLLIR
HRUKKUR**

* Staðfest af 120 konum í 4 vikna rannsókn, desember 2021.

EUCERIN.COM

Íslandi til skammar



Björn
Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Íslandi eru upplýsingar sem fram koma í Fréttablaðinu í dag um veruleika margra útlendinga sem starfa í íslenskrri ferðaþjónustu og ekki síst úti á landi.

Íslenskur bílstjóri heldur því fram að margt erlent fólk hér í ferðaþjónustunni sé snúað og tekjur þess séu langt undir lágmarkslaunum.

Margir útlendinganna eru að sögn bílstjórans með „botnlausar vaktir“ og búa í gámum. Litið sé á útlendingana sem vinnudýr, ódýrt vinnuafli.

Græðgi er sögð ástæða þessarar þróunar. Einnig segir bílstjórinn að enginn vilji lengur Íslendinga í vinnu því þeir vilji alltaf vera í frii.

Þegar sá sem hér skrifar ólst upp í sveit norður í landi var algengt að frá og með fermingu ynnu börn 50–70 klukkustundir á viku allt sumarfríð. Uppgripin skiptu sköpum hvað varðar fjárhagslegt sjálfstæði. Fríð fór fyrir litið.

Nú er sá veruleiki að íslensk ungmenni eru í vinnuskólum fram eftir öllu. Ef rignir er gjarnan bara hangið inni í skúr.

Það er nokkuð til í því sem bílstjórinn nefnir að setja megi spurningamerki við þá bómullarvæðingu sem rutt hefur sér til rúms – fyrir Íslendinga. En hver á þá að vinna öll leiðinlegu djöbbin, láglauastörfin?

Ferðamennska hér á landi er orðin að frystihúsi vestur á fjörðum. Í stað þess að Íslendingar vinni enn við að flaka fisk er flutt inn fólk til að standa þá vakt. Það byrjaði í frystihúsum, svo hættum við sjálf að skúra hótélherbergin, þjóna til borðs eða safna saman sorpi. Þetta er allt á könnu útlendinga. Einnig má nefna byggingargeirann.

Láglauastörf úti um allan heim hafa lengi verið unnin með atbeina jadarsettra eða erlendra starfskrafta. Í eina tíð trúðum við að Ísland yrði öðruvísi en önnur lönd. Svo er ekki. Hitt er alvarlegt mál ef litið er á útlendingana sem vinnudýr sem eigi ekkert gott skilið.

Haldið er fram að dæmi séu um að vinnudagarnir séu 20 klukkustundir á sólarhring.

Ef starfsmannaleigur sjá orðið í ríkari mæli en nokkru sinni um að skaffa Íslandi ódýrt vinnuafli þurfa verkalyðsfélög og landsmenn allir að uppræta þann órétt sem virðist fyrir hendi.

Annað væri Íslandi til mikillar skammar. ■

”
Ferðamennska hér á landi er orðin að frystihúsi vestur á fjörðum. Í stað þess að Íslendingar vinni enn við að flaka fisk er flutt inn fólk til að standa þá vakt.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Ráðning sem vekur furðu

Margir héldu að Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra hefði verið í grínskapi og komið með góðan fyrsta apríl brandara aðeins of snemma þegar hann skipaði Karl Gauta Hjaltason í embætti lögreglustjóra í Vestmannaeyjum frá og með 1. apríl. Vestmannaeyingar eru allt annað en sáttir við ráðninguna og fáir ef einhverjir fögnuðu ráðningunni. Þegar Karl Gauti snéri bakinu við Flokki fólksins og hoppaði um borð í Miðflokksvagninn árið 2019 kallaði Inga Sæland hann flíbbakall. En Karl Gauti var hluti af Klaustursmálinu margfræga þar sem niðrandi orð voru látin falla um flestalla minnihlutahópa og miklu verri orð flugu um fleira. Eitthvað sem sémir ekki lögreglustjóra.

Uppsögn sem vekur furðu

Arnar Þór Viðarsson var látinn taka pokann sinn í gær þrátt fyrir að hafa unnið Liechtenstein 0-7. Einhverjir hefðu haldið að KSÍ ætti að halda þjálfaranum en jafnvel svo stór sigurveikur dugði ekki til að hann héldi starfinu. Kári Arnason, sparkspekingur á Viaplay, sagði eftir leikinn á sunnudag að það væri alveg glórulaust að reka Arnar á þessum tímamarki. En KSÍ fannst það ekki glórulaust og Arnar er farinn svo nú þarf KSÍ að finna einhvern sem nær betur til þjóðarinnar, en Arnar verður seint talinn sameiningartákn þjóðarinnar. ■

Samtal er lykilatriði



Kolbrún
Áslaugar
Baldursdóttir
sálfræðingur
og oddviti Flokks
fólksins í
Reykjavík

Þjónusta við börn hefur vissulega verið í þróun í Reykjavík síðustu misseri og einhverjar nýjungar í þeim efnum litið dagsins ljós. Biðlisti barna eftir sálfræðiþjónustu skólasálfræðinga hefur þó aldrei verið eins langur og nú. Á þriðja þúsund börn biða ýmist eftir fyrstu eða frekari þjónustu, þá helst sálfræðinga og talmeinafræðinga. Þessi sami listi taldi 400 börn árið 2018.

En það eru aðrar áhyggjur sem mig langar að reifa hér. Með tilkomu verkefnisins Betri borg fyrir börn stóð til að færa fagfólk skólanna meira í nærumhverfi barnanna þ.e. í skólana. Það hefur ekki orðið raunin. Sálfræðingar skólanna eru með starfsstöð á miðstöðvum en með ákveðna viðveru í skólunum. Það sem þó hefur færst meira út í skólana er stuðningur við kennara og starfsfólk með tilkomu svokallaðra lausnateyma. Því ber sannarlega að fagna.

Það er mín skoðun sem sérfræðingur í klínískri sálfræði að brýnt er að barnið sjálft fái tækifæri til að ræða við fagaðila eins og aldur og þroski þess leyfir, með eða án foreldra eftir atvikum. Í samtali barns og sálfræðings hlustar sálfræðingurinn ekki einvörðungu á orð barnsins heldur er með einbeitingu á fjölmörgum öðrum atriðum í fari og háttum barnsins. Fagaðili horfir á líkamsmál og hlustar eftir raddblæ og augna- og svipbrögðum til að lesa og meta liðan, kvíða og áhyggjustig barnsins. Eitthvað sem barn segir getur vakið sálfræðinginn til meðvitundar um að það þurfi að skoða málið nánar. Það getur leitt til þess að barn opni sig enn frekar um hluti sem ella hefðu ekki komið upp á yfirborðið. Það getur skipt sköpum að sjónarhorn og vinkill barnsins af eigin máli komi fram milliliðalaust ef ske kynni að upplifun þess sé önnur en foreldranna eða kennara. Mál barns er líklegra til að fá úrlausn sé því gefið tækifæri til að tjá sig sjálft frá innstu hjartarótum við fagaðila frekar en að einungis sé rætt við aðstandendur eða kennara. Mikilvægt er að gera hvort tveggja. Ég óttast að bilið milli nemenda og sálfræðinga sé að breikka enn frekar í skólajónustu Reykjavíkurborgar. Eins nauðsynlegt og það er að veita skólum og foreldrum ríkan og tryggan stuðning í málefnum barna má aldrei gleyma börnunum sjálfum. ■

”
Það getur skipt sköpum að sjónarhorn og vinkill barnsins af eigin máli komi fram milliliðalaust.

Mikið úrval af borðstofuborðum frá CASÖ



Teg. 230. Langborð 200 x 98 og 240 x 98 stækkun 2x 50cm reyk eik og nature eik.

NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Hin orkuskiptin

Í dag



Karl Th.
Birgisson

Orkuskipti eru í tísku.

Vinsæl og endurþulin mantra þar er að framleiða þurfi meiri orku, í stað þess að beina henni í annað en nú er gert.

Hætta til dæmis að grafa eftir rafmyntum, sem eru ein skýrasta birtingarmynd sýndarveruleikans.

Þeirri hugsun mætti beita víðar. Nota orkuna í annað.

Nefnum fáein dæmi.

Fólið

Kennari í Garðabæ var nýlega dæmdur fyrir að ljúga glæpum upp á saklausa blaðamenn.

Ég ætla ekki að nefna hann – gervigreindin í tölvunni minni myndi rísa upp til varnar almennu velsæmi í veröldinni.

Hann hefur hins vegar itrekað verið staðinn að því að lifa í hliðarveruleika og spinna þaðan fantasíur, auk þess náttúrulega að kunna ekki skil á réttu og röngu, staðreyndum og lygum, fyrir utan að skorta almenna dómgreind og mannsaði.

Samt vill ágætasta fólk gera þennan mann að umræðuefni, rétt eins og Lísa í Undralandi væri efni til samræðna um alvörumál.

Sú orka væri betur notuð í annað.

Lygarinn

Á dögunum kom í ljós að fjölmiðla-maður hafði logið frekar alvarlega um feril sinn og fyrri störf.

Ekkert svona einu sinni tilfallandi úps og óvart, heldur aftur og itrekað.

Í sánnindunum var ekki síður lýst upplifun viðkomandi í þessum



upplognu störfum. Þær meintu upplifanir urðu svo reyndar grunnurinn að ferlinum í fjölmiðlum.

Þá vill svo til að ólíklegasta fólk vill verja ósannindin. Segir þau skipta litlu eða engu máli, af því að viðfangsefni fjölmiðlamannsins sé svo mikilvægt.

Ekki dreg ég úr því, en bið viðkomandi að staldra við.

Ég gæti vitaskuld farið með frasana um að tilgangurinn helgi ekki meðalið, en þetta tilvik er flóknara.

Við gerum þá sjálfsgöðu kröfu að fjölmiðlafólk segi satt og rétt frá. Á því byggist trúverðugleiki þess.

Til dæmis þess vegna treystum við Ríkisútvarpinu betur en Útvarpi sögu. Fréttablaðinu betur en Reykjavíkurbrefum Moggans.

Þegar fjölmiðlamaður verður aftur og itrekað uppvis að ósann-

indum opinberlega, þá er trúverðugleiki hans horfinn.

Hann gufar upp í móðu ósannindanna.

Við gerum öll mistök og sjálfsgötu að fyrirgefa þau, en það nægir ekki að biðjast afsökunar á siendurtekinni „missögn.“

Viðkomandi ætti að finna sér annað starf og við ættum að eyða orku okkar í annað en að verja endurteknar lygar.

Sannleikurinn er miklu betri málstaður.

Maðurinn

Bezta fólk eyðir tilfinningaorku í að halda því fram að konur séu ekki menn.

Ég sem hélt að Vigdís Finnboga-dóttir hefði afgreitt það mál árið 1980, þegar hún var spurð hvort kjósa ætti hana sem forseta af því að hún er kona.

„Nei, það á að kjósa mig af því að ég er maður.“

Þarna hélt ég í einfaldni minni að málið væri útrætt, en svo virðist hreint ekki vera.

Ég nenni ekki að rifja hér upp nýleg delludæmi, en þetta vitsmunaofbeldi hlýtur að stríða gegn einhverjum ákvæðum fólksréttindasáttmála Evrópu.

Privatskýring mín er að þessi misskilningur sé óberminu honum Jóni Thoroddsen að kenna. Hann skrifaði skáldsöguna Maður og kona, og festi þar með í sessi þessa sérkennilegu vitleysu. Bókin hefði betur heitið Karl og kona, eða bara Kall og kelling, sem aldalöng hefði er fyrir.

Á meðan breytist ekkert

Á meðan við þróum um ýmis sérkennilegheit tilverunnar gengur lífið áfram sinn vanagang.



Og áfram halda vextirnir að hækka af því að landvættur okkar, Íslandskrónan, hættir aldrei að koma okkur til bjargar þegar mikið liggur við.

Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra heldur áfram að ljúga og dylgja, og selja líkkistur vitaskuld. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst um afdrif vantrauststillögu á hann, en ég treysti mér til að fullryða að Vinstri græn styðji áfram sinn uppáhaldsráðherra.

Þjarni Benediktsson fjármálaráðherra (eða ráðuneyti hans að minnsta kosti) heldur áfram að skrökva um Lindarhvol og hann vill auðvitað selja fleiri hlutabréf í Íslandsbanka. Það er eins og honum þyki listinn af ósannindum ekki orðinn nógu langur. Aldrei of seint að bæta við og það er engin leið að hætta, eins og skáldið orti.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra áformar enn að leggja vegaskatta á tiltekna landsmenn, eftir búsetu. Þótt hann segðist fyrir kosningar aldrei myndu gera slíkt.

Og áfram halda vextirnir að hækka af því að landvættur okkar, Íslandskrónan, hættir aldrei að koma okkur til bjargar þegar mikið liggur við. Vonandi hafa sem flestir bróðeraðan milljónkrónu-seðil innrammaðan uppi á vegg hjá sér.

En þetta er allt í lagi. Við eigum næga orku. Þyrftum bara að muna að beina henni ekki í sýndarveruleikann. ■

Öryggistilfinning á kostnað annarra



Lárus Eliasson
verkfræðingur

Það er ekki lengur þannig að negld vetrardekk séu öruggari eða betri en ónegld dekk. Af 7 bestu vetrardekkjunum, að mati Bäst í testet, eru 4 ónegld og 3 negld, og þá erum við að tala um bestu dekkin fyrir skandinávískar aðstæður. Það á þá einnig við um Danmörku, Skán og vesturströnd Noregs þar sem almennt er sama skitaveðrið og á Íslandi.

Bestu nagladekk eru talin eilítið betri á ís, en verri við aðrar aðstæður. Þau eru samt ekki það miklu betri á ís, heldur þannig að aka þarf um 10% hægjar á ónegldum fyrir sömu hemlun á ís!

Það upplifa sig samt flestir öruggari á nögnum, en öryggistilfinningin er langt umfram aukid öryggi. Veggrípið á nögnum er best þegar litid reynir á, en mun síðra þegar meira reynir á og naglarnir fara að skauta. Tilfinningin á ónegldum er hins vegar lausari í byrjun, en er það veggrip sem þú hefur allan tímann.

Nagladekk slíta vegum á við rúmlega 20 bíla á ónegldum dekkjum, þannig að kostnaður okkar hinna er a.m.k. tífalt það sem þú sparar fyrir




þína öryggistilfinningu. Þegar þú ekur á nögnum eru 1.000 meitlar að meitla upp úr götunni fyrir hvern hring sem dekkinn snúast, og eftir því sem malbikið er betra, með harðara grjóti, verður rykið finna og á greiðari leið inn í lungu og út í blóðrás.

Þetta ryk er að ræna um 300 lífárum af Íslendingum árlega þá helst af viðkvæmari hópum eins og börnum og gamalmönnum. Hér er miðað við áhrif af finu ryki í Evrópu, en stádan hér er ekki betri (<https://www.eea.europa.eu/is/themes/air/intro>)

Algeng viðbrögð við svona grein eru mótbáru á við þær að hægt sé að draga úr svifryki með því að sópa göturnar, eða að rykið komi mest allt af hálendinu. Með sömu rökum mætti segja að almennt sé betra að missa ekki í buxurnar í stað þess að krefjast þess að einhver þvöi þær, og að einhvern veginn virðist rykið

af hálendinu bara falla í þéttbyli á mest eknu götunum. Einnig mætti benda á hversu augljóst þetta er í Hvalfjardargöngunum, með besta malbikinu, sem breytast í myrkan rykmökk seint á haustin.

Mig langar að biðja fólk að bregðast ekki við með krókóðilaheilanum og fara strax í vörn þegar minnst er á að hætta notkun nagladekkja, heldur nota framheilann með rökhugsun og samkennd og spyrja sig hvort forsendur einhvers sem það taldi rétt fyrir 15–20 árum gætu hafa breyst. Spyrja sig hvort nagladekk séu virkilega ennþá málið. Einnig vil ég biðja þá sem ráða lögum og reglum að rukka a.m.k. 20 þúsund krónur á hvern bíl í byrjun vetrar fyrir notkun nagladekkja, til að gera það ekki fjárhagslega hagkvæmt að vera sofandi sóði, sem án nokkurrar umhugsunar veldur öðrum heilsutjóni. ■



SPÁ FRÉTTABLAÐSINS – Besta deildin



Steven Lennon var skugginn af sjálfum sér í fyrra. Hann þarf að stiga upp fyrir komandi tímabil ef spáin á að ganga eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Upprisa FH hefst en vonbrigðin verða á Akureyri

Spá Fréttablaðsins gerir ráð fyrir því að bæði FH og Stjarnan endi í efri hluta deildarinnar þegar 22 umferðir eru búnar. Vonbrigðin gætu hins vegar orðið á Akureyri en eftir að hafa endað í öðru sæti í fyrra gerir Fréttablaðið ráð fyrir að liðið endi í sjöunda sæti í ár. Margt áhugavert getur gerst en Besta deildin hefst 10. apríl.

hordur@frettabladid.is



8. ÍBV



- **Lykilmaður:** Eiður Aron Sigurbjörnsson
- **Þjálfari:** Hermann Hreiðarsson
- **Heimavöllur:** Hásteinsvöllur
- **Íslandsmeistarar:** 3 sinnum

Íðulega kemur ÍBV til leiks eftir mörg slæm úrslit á undirbúnings-tímabilinu og liðið algjörlega óskrifað blað. ÍBV hefur hins vegar í vetur aldrei þessu vant verið á mikilli siglingu, liðið hefur unnið góða sigra á bæði FH og Breiðabliki og komst í undanúrslit Lengjubikarsins.

Filip Valencic hefur breytt sóknarleik liðsins en honum er ætlað að vera límið þar, hann hefur sýnt góða takta á undirbúnings-tímabilinu. Andri Rúnar Bjarnason er horfinn á braut og verður fróðlegt að sjá hvernig ÍBV gengur án hans.

Þrátt fyrir góð úrslit á undirbúnings-tímabilinu er hópur ÍBV afar þunnur og má Hermann Hreiðarsson hafa sig allan við til þess að halda öllum heilum svo ekki fari að gefa á bátinn.

Komnir

Guy Smit (láni)
Bjarki Björn Gunnarsson (lán)
Filip Valencic
Hermann Þór Ragnarsson
Ólafur Haukur Ariliusson
Sverrir Páll Hjaltested

Farnir

Óskar Elías Zoega Óskarsson
Telmo Castanheira
Andri Rúnar Bjarnason
Atli Hrafn Andrason
Kundai Benyu

7. KA



- **Lykilmaður:** Hallgrímur Mar Steingrímsson
- **Þjálfari:** Hallgrímur Jónasson
- **Heimavöllur:** KA-völlur
- **Íslandsmeistarar:** 1 sinni

Það er erfitt að spá fyrir um gengi KA í vetur, liðið sem endaði í öðru sæti á síðasta tímabili hefur gengið í gegnum breytingar sem gætu hreinlega verið of miklar.

Einn reyndasti og besti þjálfari landsins, Arnar Grétarsson, er horfinn á braut og við er tekinn óreyndur Hallgrímur Jónasson. Hallgrímur hefur getið sér gott orð en hefur ekki enn þurft að standa í stafni þegar eitthvað bjátar á.

Nökkvi Þeyr Þórisson bar uppi sóknarleik liðsins á síðustu leiktið og fróðlegt verður að sjá hvernig KA tekst að tækla fjarveru hans. Þætur Petersen kom frá Færeyjum og Hallgrímur Mar Steingrímsson er áfram á sínum stað en hann á mikið inni frá síðustu leiktið.

KA-menn setja stefnuna væntanlega hærra en Fréttablaðið telur að tímabilið gæti orðið snúið á Akureyri.

Vel hefur gengið hjá KA í vetur en öll alvöru prófin eru eftir fyrir hinn unga og óreynda þjálfara.

Komnir

Þætur Petersen
Harley Willard
Ingimar Torbjörnsson Stöle
Kristoffer Forgaard Paulsen (lán)

Farnir

Bryan Van Den Bogaert
Gaber Dobrovolic

6. Stjarnan



- **Lykilmaður:** Hilmar Árni Halldórsson
- **Þjálfari:** Ágúst Gylfason
- **Heimavöllur:** Samsungvöllurinn
- **Íslandsmeistarar:** 1 sinni

Stjarnan var það lið sem bauð upp á skemmtilegustu leikina á síðasta tímabili, liðið skoraði mikið en var oftar en ekki í stökustu vandræðum með að verjast. Ágúst Gylfason þjálfari liðsins hefur talað um að reyna að finna betra jafnvægi í leik liðsins. Sóttir hafa verið reyndir leikmenn en Guðmundur Kristjánsson á að binda saman vörnina, áhyggjuefni er að Haraldur Björnsson markvörður liðsins hefur verið meiddur í vetur.

Stjarnan sótti Árna Snæ Ólafsson frá ÍA en hann hefur setið undir gagnrýni síðustu ár fyrir slaka spilmennsku, fróðlegt verður að sjá hvernig honum tekst til í Garðabæ.

Stjarnan setur stefnuna á Evrópusæti en það gæti verið aðeins of stórt skref fyrir liðið, ef allt smellur geta Garðabæingar hins vegar látið sig dreyma.

Komnir:

Baldur Logi Guðlaugsson
Guðmundur Kristjánsson
Heiðar Ægisson
Joey Gibbs
Andri Adolphsson
Árni Snær Ólafsson
Þorbergur Þór Steinarsson

Farnir

Elís Rafn Björnsson
Ólafur Karl Finsen
Óskar Örn Hauksson
Daniel Finns Matthiasson
Einar Karl Ingvarsson





Flóðhestarnir hafa fjölgað sér hratt.

Flóðhestar valda miklum usla

sandragudrun@frettabladid.is

Flutningur 70 flóðhesta sem tilheyrðu áður eiturlyfjabaróninum Pablo Escobar, gæti kostað kólumbíska ríkið 3,5 milljónir Bandaríkjadala. Kólumbísk stjórnvöld leggja til að flóðhestarnir, sem eru nálægt búgarði Pablos Escobars, verði fluttir til Indlands og Mexíkó sem hluti af áætlun um að hefta útbreiðslu þeirra.

Flóðhestarnir eru afkomendur fjögurra flóðhesta sem eiturlyfjabaróninn flutti til landsins frá Afríku með ólöglegum hætti á níunda áratugnum. Þeir vega allt að þrjú tonn og hafa aukið kyn sitt og dreift sér langt út fyrir búgarðinn Hacienda Napoles, sem er í 200 kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni Bógóta. Búgarðurinn og flóðhestarnir hafa orðið vinsæll viðkomustaður ferðamanna eftir að Pablo Escobar var drepinn af lögreglunni árið 1993.

Eftir að búgarðurinn lagðist í eyði lifðu flóðhestarnir af og fjölgðu sér í ám í nágrenninu vegna hagstæðra veðurskilyrða. Yfirvöld áætla að um 130 flóðhestar séu á svæðinu og þeir gætu orðið 400 eftir átta ár.

Vísindamenn vara við því að þar sem ekkert rándýr í Kólumbíu drepur flóðhesta þá getur fjölgun þeirra ógnað líffræðilegum fjölbreytileika þeirra dýrategunda sem þar eru fyrir. Saur flóðhestanna breytir efnasamsetningu ána og getur haft áhrif á hífylisækúna og flóðsvína. ■



Thelma með verðlaunagripina sem hún fékk fyrir sigurinn á Íslandsmótinu í fímleikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Thelma hætti við að hætta

Thelma Aðalsteinsdóttir, fímleikakona úr Íþróttafélaginu Gerplu í Kópavogi, átti svo sannarlega góðu gengi að fagna á Íslandsmótinu í fímleikum sem fram fór á dögnum. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is

Thelma Aðalsteinsdóttir varð Íslandsmeistari í fjölþraut annað árið í röð og í keppni á einstökum áhöldum vann hún til þrenna verðlauna.

Spurð fyrst um árangurinn og hvort hún hafi ekki verið ánægð með uppskeru sína á Íslands-mótinu segir hún: „Ég var mjög ánægð með árangurinn. Það var mikil samkeppni um sigurinn í fjölþrautinni og ég held að þetta hafi bara verið spurning um dagsformið þar sem mér tókst að standa uppi sem sigurvegari. Ég var svo sem ekkert að hugsa um Íslandsmeistaratitilinn, sem ég vann í fyrsta sinn í fyrra, áður en mótið hófst heldur var ég meira að sjá hvort ég gæti náð markmiðum mínum um að verða Íslandsmeistari, mæta til leiks með jákvætt hugarfar og gera mitt besta. Það var frábær tilfinning að fá að upplifa það aftur að verða meistari í fjölþrautinni,“ segir Thelma.

Eins og áður segir fór hún þriðvegis á verðlaunapall þegar keppt var á einstökum áhöldum. „Ég vann gullverðlaunin á slánni, varð önnur á tvíslánni þrátt fyrir að gera mistök og ég hreppti svo bronsverðlaunin fyrir gólfæfingarnar,“ segir Thelma. Um hvaða grein í fimleikunum sé í mestu upphaldi hjá henni segir Thelma: „Ætli ég verði ekki að segja tvísláin.“

Tímabilið í fyrra var eftirminni-legt hjá Thelmu. En auk þess að vinna Íslandsmeistaratitilinn í fjölþraut í fyrsta sinn vann hún Norðurlandameistaratitilinn á slá og var í liði Íslands, sem hafnaði í 3. sæti á mótinu. Þá keppti hún á Evrópumótinu sem fram fór í München þar sem hún stóð sig það vel að hún fékk keppnisrétt á heimsmeistaramótinu sem haldið var í Liverpool á Englandi í október. Það kom því ekki á óvart að hún skyldi verða útnefnd fimleikakona ársins af Fimleikasambandi Íslands.

Thelma var í vikunni valin í landsliðshóp Íslands en hann tekur þátt í Evrópumótinu sem haldið verður í Antalya í Tyrklandi í næsta mánuði. Í kvennalandsliðinu auk hennar eru þær Agnes Suto, Hildur Maja Guðmundsdóttir og Margrét Lea Kristinsdóttir.

Langar að upplifa þá gleði aftur

„Það er heldur betur farið að stytst í Evrópumótið og við höldum utan á föstudaginn langa. Ég er ógeðslega spennt fyrir þessu móti og er spenntari fyrir því en Íslands-mótinu. Það var svo gaman að taka þátt í Evrópumótinu á síðasta ári og mig langar svo sannarlega að upplifa þá gleði aftur,“ segir Thelma.

Spurð um væntingar hennar til mótsins segir hún: „Stefnan er að tryggja mér sæti á HM eins og ég gerði í fyrra en það geri ég með því að ná góðum árangri á Evrópumótinu. Það eru eitthvað um 24 stelpur sem eiga möguleika á að komast á HM. Það var mikil upplifun og gaman að keppa á Evrópumótinu og heimsmeistaramótinu á síðasta ári. Ég er í toppformi og ég tel mig eiga góða möguleika á að vinna mér sæti á HM. Markmiðið hjá mér var að vera komin í gott form fyrir Íslandsmótið. Það tókst og nú er stefnan að vera í enn betra formi þegar Evrópumótið hefst,“ segir Íslandsmeistarinn í fjölþraut.

Thelma segist eiga sér þann draum að keppa á Ólympíuleikunum í París á næsta ári. „Það er alveg raunverulegt markmið að setja sér að komast á Ólympíuleikana og vitaskuld er það draumur hjá mér að keppa í París 2024. En fyrst er að standa sig vel á Evrópumótinu og ná þar að vinna sér keppnisrétt á heimsmeistaramótinu,“ segir



Guðmundur Hilmarsson gummih @frettabladid.is



Í æfingum á jafnvægislá á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi.

MYNDR/ÞSENDAR



Thelma með Elsu ömmu í föðurætt eftir sigurinn á Íslandsmótinu í fjölþraut.

Það er alveg raunverulegt markmið að setja sér að komast á Ólympíuleikana og vitaskuld er það draumur hjá mér að keppa í París 2024.

Thelma Aðalsteinsdóttir

Thelma en heimsmeistaramótið verður haldið í Antwerpen í Belgíu um mánaðamótið september-október.

Thelma er 22 ára gömul og hefur æft og keppt í fimleikum frá unga aldri með íþróttafélaginu Gerplu í Kópavogi.

„Ég byrjaði að æfa fimleika fjögurra ára gömul. Það lá beinast við að ég færi í þessa íþrótt. Þabbi minn kemur úr mjög mikilli fimleikafjölskyldu. Amma er einn af stofnendum Gerplu og er einn af brautryðjendum fimleika á Íslandi. Þabbi og öll hans systkini voru í fimleikum og það var eiginlega aldrei nein spurning um að henda mér í fimleikana líka. Ég hef ekki stundað neina aðra íþrótt.“



Með ömmu og afa í föðurætt á heimsmeistaramótinu í München.

Datt út úr vinkonuhópnum

Að vera í fremstu röð í fimleikum fylgir mikil vinna, blóð, sviti og tár. Það veit Thelma upp á há.

„Þetta er mikil vinna og árangurinn kemur ekki af sjálfu sér. Ég legg mikið á mig og er að æfa svona í kringum 26–27 klukkutíma á viku árið um kring og svo heldur vinnan áfram þegar heim er komið. Ég þarf að passa upp á að borða vel og innbyrða hollan mat, taka inn vítamínin, vera dugleg að fara í sund og hugsa vel um líkamann almennt. Maður þarf að halda aga þegar maður er í þessu sporti,“ segir Thelma.

Hefur ekki komið fyrir að þú þurfir að sleppa hinu og þessu eins og að fara út að skemmta þér með vinkonunum þar sem þú ert upptekin við æfingar eða keppni?

„Jú, það er mjög mikið svoléiðis. Ég datt eiginlega strax út úr vinkonuhópnum. Ég er enn þá inni í honum að nafninu til en ég er ekki spurð þegar vinkonurnar eru að fara að gera eitthvað. Þær halda bara að ég sé á æfingu. En ég á margar góðar vinkonur sem eru í fimleikunum og félagsskapurinn er mjög góður þótt við séum í samkeppni. Hún verður að vera til



Með ömmu og afa í móðurætt á heimsmeistaramótinu í München.

staðar svo maður geti sett sér hærri markmið.“

Er í krefjandi námi

Líf Thelmu snýst að miklu leyti um fimleikaíþróttina en það kemur ekki í veg fyrir að hún stundi krefjandi nám.

„Ég er á öðru ári í námi í lyfjafræði við Háskóla Íslands en þetta er fimm ára nám. Valið hjá mér stóð á milli þess að fara í tannlæknafræði eða lyfjafræði og ég er mjög sátt með að hafa valið lyfjafræðina. Ég fann að þetta nám er algjörlega fyrir mig. Fyrsta árið var rosalega krefjandi og ekki síst þar sem ég var í bakmeiðslum. Meginástæða þess að ég dreif mig í nám var til þess að geta hugsað um eitthvað annað og dreift huganum í stað þess að líða illa þegar ég fór inn í fimleikasalinn,“ segir hún.

Thelma segist hafa ætlað að hætta í fimleikunum eftir síðasta ár. „Ég hugsaði um það en þegar ég leiddi hugann að því að ég ætti kannski möguleika á að vera með á Ólympíuleikunum þá ákvað ég að halda ótraud áfram. Þetta er svo gaman og gefandi en krefjandi um leið og ég lít bara björtum augum á komandi verkefni.“ ■

Malbik

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 31. mars 2023



Hreinn Sigurjónsson (t.v.), hjá Þjónustu- og skipulagssviði Seltjarnarnesbæjar, og Vilhjálmur Þór, eigandi og framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar, eru ánægðir með endingu göngustigsins sem lagður var á Seltjarnarnesi fyrir rúmum ellefu árum úr 100 prósent endurunnu heitu malbiki.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Endurunnið heitt malbik er gæðamalbik

Í ljósi þekkingar nútímans í umhverfismálum er hægt að kalla það glæp gegn umheiminum að vera á móti endurvinnslu malbiks. Þetta segir Vilhjálmur Þór, eigandi og framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar. **2**

Undanfarin ár hafa miklar breytingar átt sér stað í huga fólks varðandi umhverfisáhrif við framleiðslu malbiks og þar af leiðandi starfsumhverfi malbikunar hér á landi og í heiminum öllum. „Þótt einstaklingar leiði alla jafna ekki hugann að því þarfþingi sem malbik er, þá eru flestir í daglegri snertingu við malbikið, til dæmis á vegum og göngustígum landsins. Í dag er nauðsynlegt að hugsa um umhverfið og það kolefnisspor þeirrar vöru sem við skiljum eftir við veru okkar hér á jörðinni. Það er á þína ábyrgð að gera allt til að sporna við þeirri vöru sem vofir yfir í loftslagsmálum,“ segir Vilhjálmur Þór Matthíasson, eigandi og framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar.

Vilhjálmur er enginn nýgræðingur í bransanum og hefur í tæp 40 ár lifað og hræst í malbikinu. „Ég byrjaði tólf ára að vinna á vegum landsins og mín æskuár bera mikinn keim af því umhverfi enda gerði pabbi minn vel á þessum starfsvettvangi, frá því áður en ég fæddist, og það er í raun ekki langt síðan hann stimplaði sig út af sinni síðustu vakt. Ég er heppinn að því leyti að ég komst í tæri við bransann ungur og þetta varð áhugamál, allavega á þann háttinn að ég vildi og vil enn gera mitt besta til að gera vegi landsins á eins umhverfissvænan máta og hægt er. Ég hef líklega verið ögn á undan minni samtíð í þessum efnum, en árið 2011 settum við hjá Malbikstöðinni upp endurvinnslustöð fyrir malbik og á þeim tíma náði sú starfsemi litlu sem engu flugi, enda áhuginn þá á heitu endurunna malbiki ekki til staðar.

Í dag er sem betur fer allt annað uppi á teningnum og takturinn orðinn sá að markaðurinn er miklu móttækilegri fyrir þessum hugmyndum. Það er frábært mál og vil ég ekki meina að ég sé að taka of stórt upp í mig þegar ég segi að í raun er það glæpsamlegt gagnvart umhverfinu að vera á móti endurvinnslu malbiks. Svo nauðsynleg er endurvinnslan fyrir umhverfið og allt það sem í umhverfinu býr,“ segir Vilhjálmur.

Græni malbikshringurinn er ekki bara slagorð

Fyrir um það bil ári síðan gerðu Vilhjálmur og samstarfsfólk hans hjá Malbikstöðinni orðin „Græni malbikshringurinn“ að einu af slagorðum fyrirtækisins. Það lýsir vel þeim hugmyndum, undirbúningi og þeirri vinnu sem Vilhjálmur hefur á annan áratug viljað hrinda almennilega í framkvæmd, með áherslu á umhverfismál, gæði og öryggi í forgrunni. „Það hefur sýnt sig og er alveg borðleggjandi að alla framleiðslu og lagningu malbiks má gera, og ætlum við að gera, mun grænni. Þetta er ekki eitthvað sem ég hef bara bitid í mig og neita að gefast upp á, því þetta er vel hægt, og það eina gáfulega í stöðunni fyrir okkur sem erum í þessum bransa er að keyra í þetta verkefni af öllu afli.

Malbikstöðin okkar að Esjumelum er þannig uppsett að í henni er mögulegt að vinna malbik á eins umhverfissvænan máta og hægt er og er hún svo gott sem fullkomnasta malbikstöð landsins. Þar tókum við til dæmis á móti malbiksafgöngum og uppbroti til endurvinnslu. Við erum og ætlum að vera áfram leiðandi á okkar markaði þegar kemur að umhverfisvernd og þar sem Malbikstöðin er sífellt að stækka og eflast sem fyrirtæki er hægt að setja meiri þunga í þessa vinnu. Við erum meðvituð, við erum ákveðin og höfum styrkinn til að sýna lit og láta verkin tala í þessum efnum. Það er bara ekkert flóknara en svo



Vilhjálmur er óhræddur við að staðhæfa að það sé í raun glæpsamlegt gagnvart umhverfinu að vera á móti endurvinnslu malbiks.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



að uppáhaldslitur okkar hjá Malbikstöðinni er grænn og við erum stolt af því,“ segir hann.

Rúmlega ellefu ára göngustígur úr endurunna heitu malbiki

„Ef hægt er að segja að göngustígur sé búinn að standa sig frábærlega þá á þessi stígur skilið þá yfirlýsingu,“ segir Hreinn Sigurjónsson, hjá þjónustu- og skipulagssviði Seltjarnarnesbæjar. Seltjarnarnes var fyrsta bæjarfélagið sem tók þátt í grænu verkefni með Vilhjálmi og Malbikstöðinni og lagði fyrirtækið stíg úr 100% endurunna heitu malbiki, sem liggur samsíða Suðurströnd á Nesinu og var lagður fyrir ellefu árum.

„Núna áðan þegar við Vilhjálmur skoðuðum stíginn sást að hann er enn vel lokaður og finnst og því greinilegt að endurunna malbikið er gæðavara og vandað hefur verið til verka við lagninguna. Starfsmaður bæjarins sem tók ákvörðun um lagningu stígsins með Vilhjálmi er hættur störfum, en endurunni malbiksstígurinn stendur enn og gott betur en það, hann stendur sig með stakri þrýði.

Það veit á gott og sýnir að ákvörðun starfsmannsins var rétt og það er einn liður í því að við horfum sífellt frekar til þess að vænka hag umhverfisins þegar kemur að vörukaupum og þjónustu hér í bænum,“ segir Hreinn.

Seltjarnarnesbær hefur undanfarin ár valið umhverfissvænni kosti, til að mynda keypt rafmagnsbíla, rafmagnsslátuvélar og rafmagnsorf. „Við vitum að það er nauðsynlegt að horfa til framtíðar og tókum þátt í að grænka umhverfið á sem heilbrigðastan máta,“ segir hann. Vilhjálmur tekur í sama streng og segir samstarf við Seltjarnarnesbæ alltaf hafa verið ánægjulegt. „Bærinn hafði þor á sínum tíma til að láta leggja stíginn úr 100% endurunna heitu malbiki og sýndi þannig að það er ekkert alltaf best að leyfa öllu að vera eins og það hefur alltaf verið, af því að þannig er það bara.

Að sjálfsgöðu þarf að vanda til verka við endurvinnsluna, eins og með alla aðra endurvinnslu. Ekki er hægt að safna öllu í stóran haug og keyra hann svo í gegn án hreinsunar og flokkunar, eins og

Græni malbikshringurinn er eitt slagorða Malbikstöðvarinnar enda setur fyrirtækið umhverfismálin í fyrsta sæti.

Þegar við skoðuðum stíginn sást að hann er enn vel lokaður og því greinilegt að endurunna malbikið er gæðavara.

Hreinn Sigurjónsson

Því miður hefur gerst hér á landi, því það kemur niður á gæðum og trúverðugleika endurvinnslunnar. Tímarnir breytast og verklag og annað þróast sem betur fer og þetta er allavega eitt gott dæmi um að oft er hægt að gera mun betur með öðruvísi áherslum,“ segir Vilhjálmur.

Malbik er 100% endurvinnanlegt

Rannsóknir sýna og fjölmörg dæmi sanna að malbik er að öllu leyti endurvinnanlegt og má líta til þess að í Bandaríkjunum er malbikað slitlag mest endurunna efnið þar í landi. Vilhjálmur segir Bandaríkin ekki neina undantekningu þegar kemur að rikri endurvinnslu malbiks. „Á heimsvísu er malbik eitt af mest endurvinnanlegu byggingarefnum sem notuð eru og hefur þann eiginleika að hægt er að endurvinnna malbiksvegi aftur og aftur – út í hið óendanlega.

Rannsóknir NAPA, National Asphalt Pavement Association, hafa einnig sýnt að vegir úr endurvinnanlegu heitu malbiki eru jafn góðir og öruggir og jafnvel enn betri en vegir sem lagðir eru með glænýju malbiki. NAPA gaf út að yfirlag sem inniheldur 30% endurvinnnið heitt malbik vinnur jafn vel og glænýjar malbiksblöndur sem lagðar eru og segir það mikið um að menn eru að öðlast reynslu sem kemur af því að láta árin líða og fylgjast með hvernig malbikið kemur út. Ef enginn þorir að prófa, þá kemur engin reynsla,“ segir Vilhjálmur og heldur áfram: „Það er til mikils að vinna að hafa trú á þessu og láta slag standa. Það er verkkaupum, verksölum og samfélaginu öllu í hag,“ segir hann. ■

VIÐ MALBIKUM
**GRÆNNI
VEGI**

MEÐ HÁGÆÐA OG

UMHVERFISVÆNNA MALBIKI



MALBIKSTÖÐIN

WWW.MALBIKSTODIN.IS | SÍMI: 5160500

Grænt malbiksskref stigið í Hafnarfirði

Hafnarfjarðarbær stefnir að því að vera í fararbroddi sveitarfélaga á Íslandi við verndun náttúrunnar, auðlinda og menningarminja. Þá er sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi við skipulag, framkvæmdir og starfsemi í bænum.

elin@frettabladid.is

Hafnarfjörður hefur verið framfarlega í því að skipuleggja hjóla- og göngustíga og er áhersla bæjarins lögð á útivistarsvæði enda er vilji til að auka hlutgangandi og hjólandi vegfarenda. Íbúar eru hvattir til útivistar allt árið en bærinn hefur stuðlað að uppbyggingu gönguleiða á undanförunum árum.

Sem liður í þessari þróun er uppbygging á nýjum göngustígum við Ásvallabraut í Hafnarfirði. Í verkeið er notað malbik sem er blandað lífrænu efni, PTO, sem er hliðarafurð úr pappírsvinnslu, út í hefðbundnið stungubik sem notað er til blöndunar á malbiki meðal annars á Íslandi. Hafnarfjarðarbær tekur þátt í þessu tímamótaverkefni á Íslandi og hefur malbik með umræddu bindiefni verið framleitt og lagt út á nýja göngustiginn við Ásvallabraut.

Verkeið er unnið í samstarfi við Colas Ísland og er rannsóknarverkefni. Þetta er tilraun með kolefnishlutlaust bindiefni í malbik og mikilvægt skref í baráttunni við losun kolefnis í umhverfið. Við þessa nýju blöndun mykist hið hefðbundna stungubik og mikilvægir eiginleikar þess breytast.



Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar og Colas Ísland.

er það með neikvætt kolefnisspor, svo neikvætt reyndar að við 12% íblöndun verður blandan, það er bindiefnið sem notað er í malbikið, kolefnishlutlaus og jafnvel neikvæð, að því er segir að heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

„Græn sýn Hafnarfjarðar endurspeglar í skipulagi, stefnumótun og aðgerðaáætlunum og mótar grunninn í heildstæða stefnumótun fyrir sveitarfélagið til ársins 2035. Þátttaka í þessu tilraunaverkefni með Colas er eitt af fjölmörgum grænum skrefum sem sveitarfélagið er að taka þessa dagana. Við erum þriðja stærsta sveitarfélag landsins og að fullu meðvituð um ábyrgð okkar í stóra samhenginu. Við ætlum okkur að vera í fararbroddi í sjálfbærni og umhverfismálum og leggja okkur 100% af mörkum við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og myndunar úrgangs. Hér er um að ræða framsækið frumkvæði hjá Colas í samstarfi við sveitarfélagið,“ sagði Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, við þetta tækifæri.

Vonir standa til að í framtíðinni aukist notkun bindiefnis sem inniheldur PTO í malbiksframleiðslu og er það mikilvægur þáttur í baráttunni við losun kolefnis út í umhverfið. Samhliða því að auka notkun á endurunnu malbiki í nýtt malbik, stígur malbiksíðnaðurinn stórt skref í átt að markmiði sínu um 30% minnkun losunar á CO2 fyrir árið 2030.

Ásvallabraut liggur um nýjustu hverfi Hafnarfjarðar, Skarðshlíð og Hamrahverfi, en vegurinn nær frá Ásbraut yfir á Kaldárselsveg. ■



Framkvæmdin er tímamótaverkefni á Íslandi og mikilvægt skref í baráttunni við losun kolefnis í umhverfið. MYNDIR/HAFNARFJARÐARBÆR

Við ætlum okkur að vera í fararbroddi í sjálfbærni og umhverfismálum.

Af heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar

Stungudýpt, sem er mælikvarði fyrir stífni, hækkar en mýkingarmerkið lækkar. Á Íslandi eru tvær gerðir stungubiks notaðar til malbiksframleiðslu, í daglegu tali nefnt hart bik og mjúkt bik. Þegar PTO er blandað út í „hart bik“ mykist stungubikið og verða eiginleikar þess svipaðir og í „mjúku biki“ sem er notað hlutfallslega mest hér á landi. Það mikilvægasta við þetta verkefni er að vegna uppruna PTO

MALBIKUN
AKUREYRAR

Förum um land allt

Óseyri 18 • 603 Akureyri • S: 896 5332 • malbikun@malbikun.is

ÁLHELLA

221 HAFNARFJÖRÐUR



NÝ IÐNAÐARBIL TIL SÖLU

VERÐ FRÁ 9,5 MILLJ.

ÁLHELLA 24

Stærð: 26,3 fm.
Verð: 9,5 millj.

ÁLHELLA 30

Stærð: 30 fm.
Verð: 9,9 millj.

ÁLHELLA 5B

Stærð: 60 fm.
Verð: 19,8 millj.

- Iðnaðarhurð
- Gönguhurð
- 3ja fasa rafmagnstenging
- Lóð verður malbikuð og svæðið girt af

Allar nánari upplýsingar
veitir Ragnar í s. 699-8282



Ragnar M. Einarsson
Aðstoðarm. fast.

699-8282
ragnar@trausti.is



Kristján Baldursson
Lögg. fasteignasali

867-3040
kristjan@trausti.is



NÝIR SUMARBÚSTAÐIR Í GRÍMSNESI




Húsin afhendast á eftirfarandi hátt:

- Áklæðning að utan kassettu klæðning
- Plastglugga- og hurðaprófilar frá hinum þekktu framleiðanda REHAU
- Rafkerfi með APP Remote Control)
- Hitakerfi í gólfi
- Gólfefni sérhannað fyrir gólfhita
- Eldhúsinnrétting með induction eldavélahellu, viftu, innréttingu og þvottavél
- Heitur pottur með ljósum, grind og loki



Stærð: 140 fm.
Verð: 79,9 millj.



Stærð: 85 fm.
Verð: 49,9 millj.

Vegagerðin leggur ekki bara vegi

Á Vefsíðu Vegagerðarinnar má finna vefþætti sem kallast Vegvarpið, en þeir eru einnig á YouTube. Umfjöllunarefni þáttanna eru mjög fjölbreytt en einn þeirra tekur hjólastíga fyrir.

sandragudrun@frettabladid.is

Á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerðin.is segir að Vegvarpið sé nokkurs hlaðvarp í mynd. Þar er fjallað um ýmislegt sem snertir starfsemi Vegagerðarinnar og reynt að varpa ljósi á þau fjöldamörgu verkefni sem Vegagerðin fæst við frá degi til dags.

Í þáttunum má meðal annars fræðast um stokkaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, almenningsamgöngur á landsbyggðinni, einbreiðar brýr, jarðgöng, og Borgarlínu og muninn á malbiki og klæðingu svo fátt eitt sé nefnt. Ýmsir sérfræðingar koma í þættina og svara spurningum þáttarstjórna um þau verkefni sem Vegagerðin vinnur að.

Í einum þættinum er sérstaklega fjallað um hjólastíga. Vegagerðin sinnir nefnilega ýmsu fleira en að leggja vegi og eitt af verkefnum hennar er að leggja hjólastíga, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Lagning hjólastíga á höfuðborgarsvæðinu er hluti samgöngusáttmálans, en samgöngusáttmálinn er samkomulag ríkisins og sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um metnaðarfulla uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningsamgöngum á



Gerðir hafa verið samningar milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga á landsbyggðinni um lagningu hjólastíga víða.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



Vegagerðin hefur undanfarið lagt marga hjólastíga á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

höfuðborgarsvæðinu til fimmtán ára. Auk samgöngusáttmálans hefur Vegagerðin gert samning við sveitarfélög úti á landi um lagningu hjólastíga á ýmsum stöðum.

Stofnhjólanið

Í Vegvarpinu kemur fram að á höfuðborgarsvæðinu er verið að vinna að uppbyggingu á svokölluðu stofnhjólaniði. Samstarfshópur á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið að þróun þess. Stofnhjólaniðið er í vinnslu og er ætlað tengja saman sveitarfélögin og helstu hverfi innan þeirra. Tilgangurinn er að fólk komist greiðlega á milli staða hjólandi og áhersla er á að aðskilja

» Eitt af verkefnum Vegagerðarinnar er að leggja hjólastíga.

leiðir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Úti á landi hefur verið lagt nokkuð af hjólastígum á milli þéttbýliskjarna, til dæmis á milli Sandgerðis og Garðs, á milli Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar og í Eyjafirði á milli Akureyrar og Hrafnagils. Að leggja hjólastíga úti á landi gefur fólki sem býr í einum þéttbýliskjarna en vinnur í öðrum val um að skilja einkabílinn eftir heima og hjóla til og frá vinnu á öruggan hátt auk þess sem þeir auka möguleika til útivistar.

Í Vegvarpinu er rætt um það hvort virkilega sé þörf á að byggja alla þessa hjólastíga, en gestir þáttarins eru sammála um að því fylgi aukið öryggi að aðskilja akandi og hjólandi umferð. Einnig var rætt um að á fjölförnum stígum væri líka mikilvægt að aðskilja gangandi og hjólandi umferð til að tryggja öryggi umferðar á stígum. A sumum hjólastígum hafa verið settir um teljarar sem sýna að umferð um þá er að aukast og vonir standa til að hún aukist enn frekar með lagningu fleiri hjólastíga. ■

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



Sinum viðhaldinu saman og notum öruggar lausnir við framkvæmdir



**ÖKU
SKÓLINN
Í MJÓDD**

Ökukennsla í 50 ár



BILPROF.IS

MEIRAPRÓF, ENDURMENNTUN ATVINNUBÍLSTJÓRA OG ANNAÐ NÁM

**Ökuskólinn í Mjódd býður upp á
eftirfarandi námskeið:**

- B-réttindi á íslensku og ensku
- Sérstakt námskeið vegna akstursbanns
- Meiraprófsnámskeið á íslensku og pólsku
- Bifhjólánámskeið
- Endurmenntun atvinnubílstjóra
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl (Harkari)
- Rekstrarleyfisnámskeið leigubíla, fólks- og farmflutninga
- B-far, grunnur að leigubílaréttindum
- Leyfisveitinganámskeið leigubílstjóra
- Vistakstur

**Ö1 og Ö2
FJARNÁM
okunet.is**

**BÓKAÐU NÚNA
bilprof.is**



Skráning á bilprof.is

NÁM TIL ALLRA ÖKURÉTTINDA





Unnið að malbikun á Kringlumýrarbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hlemmur tekur breytingum

elin@frettabladid.is

Eins og margir hafa tekið eftir eru miklar framkvæmdir við Hlemm. Verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á svæðinu og markmiðið að gera nýja torgið að svæði fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur. Áætluð verklok á framkvæmdinni eru á seinni helmingi ársins 2025.

Torgið er hannað með aðgengi allra í huga, eftir því sem segir á



Árið 2025 verður Hlemmur nýr og breyttur staður.

heimasiðu Reykjavíkurborgar. Þarna verða hágæða upphitaðar biðstöðvar almenningsgangna með nútíma tæknilausnum og þægindum fyrir notendur. Svæðið á að ramma inn fjölbreytt mannlíf þar sem verður fallegur gróður. Nýta á vatn sem upplifun eins og gufuna tengdum ferðum þvottakvænna og minna á Rauðará.

„Við enda Laugavegar og Rauðarárstígs þar sem torgsvæðið opnast

er gufuvæðið sem er minni um þvottalaugarnar í Laugardal, en Laugavegur var lagður þangað til að auðvelda þvottakonum burðinn að lauginum. Stöpullinn með burðarjálknum á Torginu hefur verið lækkaður og bekkur er nú hluti af útfærslu stöpsulsins. Gufan mun fá nýja vídd í myrkri með lýsingu sem dregur fram litróf sem minnir á regnboga eða norðurljós,“ segir á vef Reykjavíkurborgar. ■

Malbik ekki sama og klæðning

gummih@frettabladid.is

Það ber stundum á því að rætt sé um malbik og klæðningu sem eitt og sama fyrirbærið. Svo er þó alls ekki þótt báðar gerðirnar séu svokölluð bikbundin slitlög.

Nauðsynlegt er að gera greinarmun á klæðningu og malbiki enda er klæðning ódyrt bundið slitlag sem tekur til 90 prósentu alls bundins slitlags á landinu, mest á umferðarminni vegum.

Malbik er blanda þriggja þátta, steinefna, biks og íblöndunarefna. Steinefnið gegnir því hlutverki að bera þunga umferðarinnar en bikið bindur steinefnið saman og myndar heild. Því er mikilvægt að bikið gefi góða bindingu og að styrkur steinefna sé nægur, meðal annars til að bera þungaumferð og þola þá siendurteknu áraun sem fylgir notkun nagladekkja.

Malbik er hins vegar tiltölulega dýrt efni, enda framleitt í sérstökum hátæknivæddum blöndunarstöðvum. Algengasta framleiðsluáferðin er að hita bikið og steinefnin hvort í sínu lagi fyrir blöndun og svo er þessum efnum blandað saman í nákvæmum hlutföllum með íblöndunarefnum. ■

HEIMILD: VEGAGERÐIN.IS



Ísland er í 105. sæti á lista yfir stærstu vegakerfi heims. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stærstu vegakerfi heimsins

jme@frettabladid.is

Bandaríkin eru efst á lista yfir stærstu vegakerfi heims en af 64.285.009 kílómetrum alls eiga Bandaríkin 6.803.479 kílómetra. Af þeim eru 63% malbikaðir vegir og 38% malarvegir. Tölurnar eru frá árinu 2019 svo ýmislegt gæti hafa breyst síðan þá. Næst á eftir Bandaríkjunum á listanum kemur Indland með 6.372.613 kílómetra. Indland stendur sig þó ívið betur í að malbika og eru 70% af vegunum malbikuð á meðan 30% eru malarvegir. Tölurnar eru frá þessu ári. Frændur okkar í Danmörku eru í sextugasta sæti á listanum með 73.574 kílómetra. Tölurnar eru frá 2010.

Ísland lendir svo í 105. sæti á listanum með 12.898 kílómetra miðað við upplýsingar frá árinu 2012. Af þeim eru 44% malbikaðir og 56% malarvegir. ■



OKKAR VEGIR, YKKAR VELFERÐ

Malbiksframleiðsla - Útlagning - Viðgerðarmalbik - Steinefnasala



MALBIKUNARSTÖÐIN
HÖFÐI



www.malbik.is - Sævarhöfði 6-10 & Álhella 34 - Sími 587 5848 - Netfang: hofdi@malbik.is

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Brosandi með burnirót

Náttúruleg & kröftug
blanda fyrir aukna orku
& hamingju

Íslensk burnirót
með einstaka virkni



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Undursamlegir og öðruvísi saltfiskréttir



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Í þættinum Matur og heimili nýverið voru hjónin Ingimar Sigurðsson og Svetlana Björg Kostic, jafnan kölluð Ceca, heimsótt í eldhúsið. Þau eru annálaðir matgæðingar og þykir gaman að matreiða og bjóða í matarboð.

Þegar Ingimar og Ceca matreiða er hugsað fyrir hverju smáatriði, gæðum hráefnisins, matreiðslunni og framsetningunni. Ceca er fagurkeri fram í fingurgóma og ber réttina svo fallega fram að gestirnir byrja ávallt að borða fyrst með augunum. Ingimar er iðinn við að bjóða félögum sínum í matarupplifanir og er óhræddur við að fara ótroðnar slóðir og prófa nýja rétti í matargerðinni. Þegar þau eru saman í eldhúsinu gerast töfrarnir.

Ingimar er váttryggingaráðgjafi og kirkjuvörður á Seltjarnarnesi, fæddur á Blönduósi en hefur búið á höfuðborgarsvæðinu síðan 1977, lengst af á Seltjarnarnesi. Ceca er launafulltrúi hjá Landspítalanum, fædd í Júgóslavíu, bjó lengst af í Króatíu en flutti til Íslands 1989 og hefur búið á Seltjarnarnesi síðan 1998. Þau eru virk í samfélagi sínu og vita ekkert betra en að búa á Nesinu. „Við eigum fjóra drengi, tvo og tvo. Okkur finnst mjög gaman að elda, bæði kjöt- og fiskrétti og erum dugleg að bjóða drengjunum og fjölskyldum þeirra í mat.“

Dásamleg stórfjölskyldustund

Aðspurð segjast þau ekki halda fast í sérstakar matarhefðir og hafa meira gaman af því að prófa nýja rétti. „Við höldum ekki í neinar sérstakar hefðir um páska, annað en að fá syni, tengdadætur og barnabörnin til okkar á föstudaginn langa. Þá býr hver og einn til sína eigin pitsu með því áleggi sem hann kys. Þetta er dásamleg stórfjölskyldustund,“ segir Ingimar. Súkkulaðiegginn freista hjónanna ekki mikið. „Við erum ekki mikið páskaeggjafólk en kaupum litil páskaegg fyrir krakkana fyrir föstudaginn langa,“ segir Ceca og brosir.

Í þættinum Matur og heimili töfrudu þau fram tvo dýrindis saltfiskrétti sem bornir voru fram af lekkerheitum og samsetningin hin frumlegasta. Þessir réttir eru tilvaldir til að bera fram á föstudaginn langa en margir hafa að hefð að borða þá fisk. En það á þó ekki við Ingimar og Cecu. „Við borðum ekki endilega saltfisk á föstudaginn langa. Þessir réttir eiga sér sögu í gegnum matarklúbb sem ég setti á fót fyrir 30 árum. Þá elda ég 2–3 saltfiskrétti fyrir meðlimi, sem eru átta auk þess sem einum heidursgesti er boðið í hvert sinn,“ segir Ingimar og bætir við að ávallt séu nýjar uppskriftir prófaðar í hver skipti. „Þeir fá aldr ei sama réttinn, við Ceca leggjum okkar fram við að finna nýjar og girnilegar útfærslur þar sem saltfiskurinn fær að njóta sín og það hefur tekist hingað til.“

Hér deila Ingimar og Ceca uppskriftunum að saltfiskréttunum undursamlegu með lesendum sem eiga svo sannarlega eftir að hitta í mark, bæði fyrir bragð og áferð.

Ofnbakaður saltfiskur með grófri kartöflumús, tomatillo og grænkáli

Undirbúningstími: 5 mínútur
Vinnslutími: 15 mínútur

Léttsaltaðir þorskhakkar, ca. 150 g á mann

4 litlir grænir tómatar (tomatillo)
Grænkál

Bökunarkartöflur eftir smekk og



Ingimar og Ceca eru annálaðir matgæðingar sem kunna að njóta alla leið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við höldum ekki í neinar sérstakar hefðir um páska, annað en að fá syni, tengdadætur og barnabörnin til okkar á föstudaginn langa. Þá býr hver og einn til sína eigin pitsu með því áleggi sem hann kys.

Ingimar Sigurðsson

fjöldi
Dillkvistir
Salt
Olía

Hitið ofninn í 170°C. Stráid olíu og salti yfir grænkálið og bakið í ofni í um það bil 10 mínútur. Flysið utan af bökunarkartöflunum og skerið í hæfilega bita. Sjóðið, hellið vatni af og þurrkið. Setjið í pott með smjöri, salti og pipar, hrærið saman með sleif. Þetta á að vera gróft. Hafið þorskin í um það bil 150 g stykkjum. Bakið í ofni í um það bil 10 mínútur við 180°C, eftir þykkt stykkjanna. Takið brúnan bökunarpappír í öskjum og snúid upp á langhlöðina, á móti hvorri hlið. Skerið tomatillo í þunnar sneiðar.

Framreiðsla

Setjið pappírinn á disk og hafið vel opinn. Setjið kartöflurnar á botninn, fiskinn þar ofan á, skreytið með tomatillo, grænkáli og dillkvistum.

Saltfiskur með líkjörssósu

Undirbúningstími: 10
Vinnslutími: 15 mínútur

Léttsaltaðir þorskhakkar, 100 g



Þessi saltfiskréttur á sér fáa líka, saltfiskur í líkkjörssósu, toppaður með beikonbitum, hnetum, möndlum og rúsinum. Þvílík bragðupplifun og einstaklega skemmtileg samsetning. Flamberað beikon og saltfiskur lyfta matarupplifuninni upp á hæstu hæðir.



Ömóttstæðilega girnilegur þessi saltfiskréttur sem er borinn fram með grófri kartöflumús og stökku grænkáli.

á mann
2 beikonsneiðar (þykkar)
1 staup af DOM Benedictine líkjör
10 valhnetur
10 möndlur
10 heslihnetur
20 rúsinur
Hveiti
Olía

Veltið saltfiskinum upp úr hveiti. Steikið í mikilli og vel heitri olíu, þar til fiskurinn er orðinn gullbrúnn.

Takið fiskinn af pönnunni og setjið á disk. Skerið beikonid í litla bita. Látið beikonid malla á pönnunni ásamt þurrkuðu ávöxtunum. Gætið þess að hita ekki um of.

Hellið líkjörnum yfir, hitið og kveikið í. Flamberið örstutt, ávextirnir mega ekki brenna. Þá verða þeir seigir og rúsinurnar brenndar.

Getur verið fint að láta rúsinurnar liggja í leginum í smá stund og hella þeim yfir án þess að flambera.

Setjið ávextina á diskinn með fiskinum. ■



Blikum tekst ekki að verja Íslandsmeistaratitlinn gangi spáin eftir.



KA verður aðeins í sjöunda sæti ef spáin rætist. Þeir eru komnir með Hallgrím Jónsson í brúna og ætla hann sér stærri hluti.



Aron Jóhannsson, leikmaður Vals, er einn besti, ef ekki sá besti, leikmaður deildarinnar.



Rúnar Kristinsson og KR ætla sér alltaf titilinn.

5. FH



- **Lykilmaður:** Björn Daniel Sverrisson
- **Þjálfari:** Heimir Guðjónsson
- **Heimavöllur:** Kaplakriki
- **Íslandsmeistarar:** 8 sinnum

Mikill meðbyr er með FH eftir að Heimir Guðjónsson tók við stjórnartumum síðasta haust. Eitt er öruggt, að festa fylgir Heimi sem kann fræðin betur en flestir. Sindri Kristinn Ólafsson mun standa vaktina í markinu og munar um minna, líklega vantar FH-inga einn miðvörð til að vera með sterkt ellefu manna byrjunarlið.

Það gustaði um Fimleikafélagið á síðustu leiktið þegar þrjú þjálfarar stýrðu liðinu, liðið þarf stöðugleika utan vallar svo árangur fari að nást innan vallar.

FH er með sterkari hóp en á síðustu leiktið en liðið þarf að byrja vel svo gamlir draugar frá síðasta ári fari ekki að vakna. Því skal haldið til haga að FH var næstum því fallið úr deildinni á síðasta ári.

Komnir

Dani Hatakka
Eetu Mömmö (lán)
Gyrðir Hrafn Guðbrandsson
Kjartan Henry Finnbogason
Kjartan Kári Halldórsson (lán)
Sindri Kristinn Ólafsson

Farnir

Atli Gunnar Guðmundsson
Baldur Logi Guðlaugsson
Guðmundur Kristjánsson
Gunnar Nielsen
Kristinn Freyr Sigurðsson
Matthías Vilhjálmsson

4. KR



- **Lykilmaður:** Kristján Flóki Finnbogason
- **Þjálfari:** Rúnar Kristinsson
- **Heimavöllur:** KR-völlur
- **Íslandsmeistarar:** 27 sinnum

Það er ágætlega jákvætt andrúmsloft yfir KR komandi inn í tímabilið en nokkur kynslóðaskipti hafa átt sér stað hjá KR í vetur. Mikill meðbyr virðist vera með nýjum aðstoðarþjálfara liðsins, Ole Martin Nesselquist. Norski aðstoðarmaður Rúnars Kristinssonar hefur fengið mikla ábyrgð í vetur og fengið lof fyrir starf sitt.

Jóhannes Kristinn Bjarnason er mættur heim úr atvinnumennsku en hann hefur mikla hæfileika. KR-ingar þurfa á því að halda að Kristján Flóki Finnbogason haldi heilsu og verði á meðal bestu leikmanna tímabilsins. Heilsan hefur ekki staðið með honum síðustu ár og KR-ingar hafa fundið fyrir því.

KR er með vel mannaðan hóp en breiddin er ekki mikil og þurfa því lykilmenn að haldast heilir heilsu svo KR berjist um Evrópusæti.

Komnir

Simen Lillevik Kjellevoid
Jakob Franz Pálsson (lán)
Jóhannes Kristinn Bjarnason
Luke Rae
Olav Öby

Farnir

Emil Ásmundsson
Hallur Hansson
Kjartan Henry Finnbogason
Arnór Sveinn Aðalsteinsson
Beitir Ólafsson
Pálmi Rafn Pálmason
Þorsteinn Már Ragnarsson

3. Víkingur



- **Lykilmaður:** Nikolaj Hansen
- **Þjálfari:** Arnar Gunnlaugsson
- **Heimavöllur:** Víkingsvöllur
- **Íslandsmeistarar:** 6 sinnum

Arnar Bergmann Gunnlaugsson þjálfari Víkings þarf á nýjan leik að finna ný þúsl sem geta smellið saman en kvarnast hefur úr liði Víkings frá síðustu leiktið. Meir en margur heldur.

Kristall Máni Ingason var seldur síðasta haust og Júlíus Magnússon fór í atvinnumennsku á dögnum, segja má að um sé að ræða tvo bestu leikmenn Víkings síðustu ár. Báðir fóru til Noregs. Kristall samdi við Rosenborg en Júlíus fór til Fredrikstad.

Víkingur hefur í vetur verið rólegt á markaðnum en Matthías Vilhjálmsson kom til félagsins frá FH og er búist við því að hann verði í stóru hlutverki.

Nikolaj Hansen var mikið meiddur á síðustu leiktið en hefur í vetur náð að halda heilsu og virðist í góðu formi fyrir tímabilið. Meidslí Kyle McLagan á dögnum komu á versta tíma og leitar liðið nú að miðverði. Arnar Gunnlaugsson þjálfari liðsins hefur ekki farið í felur með það að hann gæti þurft að breyta leikstíl liðsins til að ná þeim árangri sem Víkingar vilja.

Komnir

Matthías Vilhjálmsson
Sveinn Gísli Þorkelsson

Farnir

Adam Ægir Pálsson
Júlíus Magnússon

2. Breiðablik



- **Lykilmaður:** Damir Muminovic
- **Þjálfari:** Óskar Hrafn Þorvaldsson
- **Heimavöllur:** Kópavogsvöllur
- **Íslandsmeistarar:** 2 sinnum

Íslandsmeistarar Breiðabliks eru til alls líklegir en að mati Fréttablaðsins verður það of stór biti að kyngja að hafa misst Dag Dan Þórhallsson og Ísak Snæ Þorvaldsson sem voru tveir bestu leikmenn Blika í fyrra.

Breiðablik hefur keypt til sín átta nýja leikmenn í vetur og stærsti hausverkur Óskars Hrafn Þorvaldssonar liðsins verður að finna byrjunarliðið og síðan að halda öllum góðum. Ekkert lið hefur álika breidd sem gæti þó orðið styrkleiki ef vel tekst að spila úr því.

Breiðablik hefur einu sinni áður reynt að verja titil og var það ein sorgarsaga árið 2011.

Komnir

Klæmint Olsen (lán)
Oliver Stefánsson
Patrik Johannesen
Alex Freyr Elisson
Arnór Sveinn Aðalsteinsson
Ágúst Eðvald Hlynsson
Ágúst Orri Þorsteinsson
Eypór Aron Wöhler

Farnir

Pétur Theódór Árnason (lán)
Sölvi Snær Guðbjargarson
Omar Sowe
Adam Örn Arnarson
Benedikt Warén
Dagur Dan Þórhallsson
Elfar Freyr Helgason
Ísak Snæ Þorvaldsson
Mikkel Qvist

1. Valur



- **Lykilmaður:** Aron Jóhannsson
- **Þjálfari:** Arnar Grétarsson
- **Heimavöllur:** Origo-völlurinn
- **Íslandsmeistarar:** 23 sinnum

Með Arnar Grétarsson í brúnni telja spámenn Fréttablaðsins að Valur verði Íslandsmeistari í sumar. Í vetur hefur sést að Arnar hefur múrað fyrir alla leka og Valur varla fær á sig mark.

Ef Aron Jóhannsson nær vopnum sínum er næsta víst að sóknarleikur Vals verður í góðu lagi. Andri Rúnar Bjarnason og Patrick Pedersen eiga að sjá um að skora mörkin fyrir Val en báðir hafa verið meiddir í vetur. Valur hefur hins vegar á að skipa mikilli breidd.

Miðsvæðið er eina spurningarmerkið hjá Val en búist er við því að Arnar Grétarsson styrki liðið um einn eða tvo leikmenn áður en félagaskiptagluggin lokast.

Komnir

Kristinn Freyr Sigurðsson
Lúkas Logi Heimisson
Óliver Steinar Guðmundsson
Adam Ægir Pálsson
Elfar Freyr Helgason
Andri Rúnar Bjarnason
Hlynur Freyr Karlsson

Farnir

Guy Smit (lán)
Heiðar Ægisson
Jesper Juelsgaard
Lasse Petry
Andri Adolphsson
Arnór Smáráson
Ágúst Eðvald Hlynsson
Rasmus Christiansen
Sebastian Hedlund
Sverrir Páll Hjaltested



Jimmy's poppið
er nú loksins fáanlegt á Íslandi.
Veldu nú þann sem að þér þykir bestur

KOMIÐ Í VERSLANIR

SJÓNVARPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó**
- 19.30 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Veidið með Gunnari Bender** Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árþakkanum og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
- 20.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi (e)

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Fréttir með táknaátlun**
- 13.25 Heimaleikfimi**
- 13.35 Kastljós**
- 14.00 Útsvar 2018** (Ísafjarðarbær - Reykjanesbær)
- 15.15 Enn ein stöðin**
- 15.40 Stúdíó A**
- 16.10 Kæra dagbók**
- 16.40 Á meðan ég man**
- 17.10 Bæir byggjast**
- 17.55 Óperuminning**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Ósagða sagan**
- 18.29 Hjá dýralækninum**
- 18.35 Húllumhæ**
- 18.50 Lag dagsins**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Kastljós**
- 20.00 Filalag** Þættir þar sem Snorri Helgason og Bergur Ebbi fjalla um íslensk dægurlög og setja í samhengi við tísku og tíðaranda. Þættirnir eru byggðir á vinsælu hlaðvarpi þeirra sem hóf göngu sína árið 2014.
- 20.30 Vikan með Gísla Marteini** Gíslur tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratriði koma landsmönnum í helgarstemninguna.
- 21.25 Martin læknir**
- 22.15 Vera - Lifsmörk** Bresk saka-málamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlög-reglukonu á Norðymbralandi.
- 23.45 Mid90s**

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Tónlist**
- 12.00 Dr. Phil**
- 12.44 The Late Late Show 13.24 The Block**
- 14.08 This Is Us**
- 14.50 Players (2022)**
- 17.15 Family Guy**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Kenan** Einstæður faðir reynir að finna jafnvægi á milli vinnu og einkalífs eftir fráfall eiginkonunnar. Rick Tengdafaðir hans og Gary bróðir hans eru alltaf tilbúnir að rétta fram hjálparhönd, sem þó gerir hlutina í flestum tilfellum erfiðari fyrir Kenan.
- 19.40 Black-ish**
- 20.10 The Bachelor**
- 23.10 Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull**
- 01.10 G.I. Joe. The Rise of Cobra**
- 03.05 Tónlist**
- STÖÐ 2**
- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 Best Room Wins**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Listing Impossible**
- 10.00 Inside the Zoo**
- 11.00 Curb Your Enthusiasm**
- 11.40 10 Years Younger in 10 Days**
- 12.25 Necessary Roughness**
- 13.05 Hálandsvaktin**
- 13.35 Ísbiltúr með mömmu**
- 14.00 Ghetto betur**
- 14.40 Í eldhúsi Evu**
- 15.15 Britain's Got Talent**
- 16.15 Saved by the Bell**
- 16.40 Rax Augnablik**
- 16.45 Krakkakviss**
- 17.15 Necessary Roughness**
- 18.00 Bold and the Beautiful**
- 18.25 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 19.00 Kvöldstund með Eyþóri Inga** Eyþór Ingi snýr aftur ásamt hljómsveit með sannkallaða tónlistarveislu. Í hverri viku fær Eyþór Ingi til sín vel valda gesti sem taka lagið með honum og að sjálfsögðu er grinið aldrei langt undan frekar en fyrri daginn.
- 19.50 Miss Potter** Sönn saga konunnar á bak við einhverjar elskuðustu barnabókmenntir síðustu aldar. Beatrix Potter hefur frjótt myndunarafl en er jafnframt ögn sérvitur.
- 21.25 Lizzie**
- 23.10 The Glorias**
- 01.30 Last Night in Soho**

Máni mætir til að fara yfir fréttir vikunnar

Porkell Máni Pétursson, fjölmiðlamaður, sparkspekingur og þúsundþjalasmiður, kemur í settið í Íþróttavíkuna með Benna Bó í kvöld á Hringbraut. Þar verður farið yfir fréttir vikunnar en með Mána verður Hörður Snævar Jónsson, íþróttafréttastjóri Torgs. Þá er rosaleg knattspyrnuhelgi fram undan þar sem Liverpool og Manchester City mætast sem og Dortmund og FC Bayern. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 sverfa
5 viðbót
6 íþróttafélag
8 salta
10 titill
11 frostsár
12 flandur
13 gryfja
15 forvitinn
17 flott

LÓÐRÉTT

- 1 orka
2 klink
3 atvikast
4 baka til
7 tolla
9 útvega
12 beisk
14 braut
16 suddi

LÁRÉTT: 1 raspa, 5 auk, 6 FH, 8 fresta, 10 ma, 11 kal, 12 rand, 13 gróf, 15 námfús, 17 smarf.
LÓÐRÉTT: 1 rafmagn, 2 aura, 3 ske, 4 aftan, 7 haldast, 9 skaffa, 12 róm, 14 rás, 16 úr.

SUDOKU

7		3		2		9	6	5
	1						2	
	5	6			3		8	
4			9	5	1			
					7	1	4	2
3							7	
			8			2		
5	7		3	4		6		8
	4		2			3		

	2			5			4
4			8		7		
	8			6	5		
	9		1		8		5
	4	7		8			6
2							
			2			3	
1			6		7		
	3			8		9	

Þráttin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRODE ØVERLI

Í VIKULOKIN

Dapurlegt en kunnuglegt metnaðarleysi



Ólafur Arnarson
ólafur@frettabladid.is

Í vikunni leit ríkissfjármálaáætlun til næstu fimm ára dagsins ljós. Einhverjir stöðu á öndinni og bjuggust við stórtíðindum, svona í ljósi þess að Seðlabankinn hefur 12 sinnum í röð hækkað stýrivexti sína í baráttu við sívaxandi verðbólgu.

Vextirnir hafa tífaldast með tilheyrandi sársauka fyrir heimilin í landinu og fyrirtækin sem verða að fjármagna sig með öðrum gjaldmiðlinum, sem hér er lögeyrir, verðtryggðri eða óverðtryggðri krónu. Stærri fyrirtæki eru öll fyrir lifandis löngu flúin íslenska gjaldmiðilssvæðið og deila ekki kjörum með okkur hinum.

Í vikunni bárust einnig þau tíðindi að slegið hefði á verðbólgu milli mánaða. Er það óneitanlega ánægjuleg tíðindi og vonandi visbending um að betur horfi í

verðlagsmálum en óttast var. Vita-skuld er sú hættu fyrir hendi að Seðlabankinn hafi skotið langt yfir markið og verðlagsþróunin nú bendi til þess að hagkerfið stefni í alvarlega kreppu.

En aftur að ríkissfjármálaáætluninni. Á meðan Seðlabankinn hefur hækkað vexti í gríð og erg hefur ríkissjóður verið rekinn með gríðarlegum halla. Á þetta ekki einungis við um þann tíma, sem kenna má við Covid.

Heimfaraldurinn, sem efnahagslegt fyrirbæri, kvaddi okkur fyrir ári. Síðan þá hafa ferðamennirnir snúið aftur og það á sterum. Stefnir í að þeir verði jafn margir og fyrir faraldurinn og dvelji nú að jafnaði lengur í landinu og eyði meiru. Aðrar útflutningsgreinar eru í blóma og Landsvirkjun skilar

ríkissjóði 50 milljörðum í arð- og skattgreiðslur.

En alltaf er ríkissjóður rekinn með tug- og jafnvel hundruð milljarða halla. Hagstjórn sem skilar gríðarlegum halla ríkissjóðs í góðæri getur ekki talist ábyrg.

Ríkissfjármálaáætlunin bendir ekki til þess að ríkisstjórnin hafi séð að sér. Fátt er þar sem hönd á festir. Fiskveiðigjöld eiga að hækka, segir forsætisráðherra. Vissulega munu þau hækka eitthvað, en það er ekki vegna breyttra reglna heldur vegna þess að veiðigjöldin eru reiknuð út frá afkomu greinarinnar þremur árum áður en gjöldin eru lögð á og afkoma greinarinnar undanfarið hefur verið með miklum ágætum.

Svo á að hækka skatta fyrir-tækja. Ekki í ár heldur á næsta ári. Einmitt. Fyrirtæki greiða skatta



Hagstjórn sem skilar gríðarlegum halla ríkissjóðs í góðæri getur ekki talist ábyrg.

sína vegna afkomu ársins á undan. Hærrí skattar á næsta ári þýða því að mögulega innheimtir ríkið eitthvað hærri skatta á árinu 2025, eða á næsta kjörtímabili. Það er að segja ef Seðlabankinn er ekki þegar búinn að setja af stað efnahagskreppu með vaxtastefnu sinni.

Frankvæmdum sem ekki eru hafnar verður frestað. Á manna-máli þýðir þetta að engin þjóðarhöll er í auglýsn. Hún er komin út af borðinu.

Upp úr stendur að þessi ríkisstjórn hefur enga stefnu í efnahagsmálum frekar en öðrum málum. Kannski veðjar hún á að verðbólgan sé tekin að hjaðna og hyggst berja sér á brjóst og þakka sér árangurinn. Þá er eins gott að okurvextir Seðlabankans hafi ekki keyrt okkur í djúpa kreppu. ■



Strollan úr fyrstu seríu kitlar eflaust nostalgíuna hjá ansi mörgum.

Grey fólkioð trukkar áfram

Þótt Meredith Grey segi skilið við Grey's Anatomy eftir níttján seríur þá virðist læknadramað eiga nóg eftir á tanknum. Vert er að spyrja hvenær þessir háöldruðu þættir voru upp á sitt besta.

arnartomas@frettabladid.is

Á dögunum var tilkynnt um að lifseiga læknasápan Grey's Anatomy hafi verið endurnýjuð enn á ný og sigli nú inn í tuttugustu seríuna. Þættirnir eru fyrir margt löngu komnir í öldungadeild sjónvarpsins en alls hafa verið framleiddir 411 þættir.

Í nýju seríunni verða þó þau tíma-mót að aðalpersónan Meredith Grey mun segja skilið við þættina, að minnsta kosti sem föst persóna. Það er kannski ekki skrítið að Ellen Pompeo, sem leikur Meredith, hafi loksins fengið sig fullsadda eftir átján ár.

„Ég er 53 ára. Heilinn á mér er orðinn eins og eggjæræra,“ sagði Pompeo í viðtali aðspurð um ástæðuna fyrir því að hún væri að yfirgefa þættina og bætti við að hún yrði að gera eitthvað nýtt, annars myndi hún missa vitið. Það er ekki hægt að álasa henni eftir átján ár af sama hlutverkinu.

Dalandi gæði

Elin Ingibjörg Magnúsdóttir, doktor í taugavísindum og sérfræðingur hjá sænsku lyfjastofnuninni, fylgdist vel með Grey's Anatomy á árunum 2005 til 2010 en datt síðan alveg út. Þegar Covid skall á nýtti hún samkomutakmarkanir til að leggja í hámhöf af stærri gerðinni og fór í gegnum alla þættina á meðhraða.


„Ég horfði á Grey's í gamla daga, torrentaði einum þætti á viku og fann ákveðna huggun í því þegar mér fannst lyfjafraeðinamid strembið að læknanemagreyin í Grey's höfðu það nú enn þá verra,“ rifjar Elin upp. „Ég hætti að horfa þegar ég var komin upp í sirka tíundu seríu en byrjaði aftur frá byrjun í Covid.“

Elin segist ekki hafa séð eftir því að horfa aftur á gömlu þættina en að nýju þættirnir séu afskaplega misjafnir.

„Það er mjög áberandi í nýrri þáttunum að höfundarnir vilja vekja athygli á og ræða mál sem eru efst á baugi í samfélaginu, samanber Black lives matter, réttindi trans fólks og skert aðgengi að föstureyðingum í Bandaríkjunum, til að nefna örfá dæmi,“ segir hún. „Það er frábært þegar vel tekst til, það er þegar höfundarnir ná að skrifa áhugaverða sögu sem grípur áhorfandann með sér og ná þannig að nýta miðilinn á besta veg.“



Ég myndi segja að svipað og fyrir Simpsons sé blómaskeiðið einfaldlega fyrri seríurnar, upp í svona seríu 7.



Elin Ingibjörg Magnúsdóttir, doktor í taugavísindum

Elin segir að því miður verði þetta þó oft að fimm mínútna löngum einræðum eða stírdum samræðum til að koma boðskapnum á framfæri.

„Mér finnst það vera merki um letileg skrif og er klaufalegt og leiðinlegt sjónvarp.“

Furðulegt hvarf Karev

Hafandi horft á allar seríurnar með stuttu millibili er hún því vel í stakk búin að segja til um hvenær þættirnir voru upp á sitt besta.

„Ég myndi segja að svipað og með Simpsons sé blómaskeiðið einfaldlega fyrri seríurnar, upp í svona seríu 7,“ svarar Elin sem segir þættina hafa farið niður á við eftir seríu 10 þegar Christina Yang, sem er uppáhald Elínar, hættir. „Covid-serían var afskaplega skrytinn og leiðinleg, en það endurspeglar nú reyndar raunveruleikann.“

Þá hefur snið þáttanna stundum verið brotið upp með tilraunakenndri uppbyggingu.

„Söngleikjapátturinn í sjöundu seríu var kjánalegt innslag, á meðan mér fannst mockumentary-þáttur í sömu seríu heppnast vel,“ segir Elin. „Það hvernig Alex Karev var skrifaður út úr þáttunum hlýtur þó að vera einn mest áberandi lágpunkturinn.“

Sterkar kvenpersónur

Það er ekki sjálfgefið að þættir nái jafnháum aldri og Grey's Anatomy



Af upphaflegu persónunum eru nú aðeins þrjár eftir. Elin segir tímabært að gefa þeim verðskuldaða hvíld.



Grey's Anatomy hefur alltaf notið mikilla vinsælda en aldrei meiri en í annarri seríu þegar 38 milljónir horfðu á sextánda þáttinn, It's the End of the World.

svo þeir eiga það augljóslega einhverju að þakka.

„Þetta er náttúrulega algjör sápa, með öllum þeim kostum og ókostum og dramatik sem því fylgir,“ segir Elin. „Eins og ég nefndi hér á undan þá er tekist á við málefni liðandi stundar í þáttunum, með misjöfnum árangri. Það er auðvitað sorglegt að þurfa að segja það en ég var þakklát fyrir að sjá þarna sterkar og klárar kvenpersónur sem fengu allavega pinulítið rými til að vera eitthvað annað en kærustur, eiginkonur og mömmur, þó að allar séu þær að sjálfsgöðu ofurmódel í útliti.“

Þá segir Elin að læknisfræðin í þáttunum sé ekki alveg út úr kú, raunverulegir sjaldgæfir sjúkdómar eru kynntir og vitnað í fræg og áhugaverð tilfelli. „Aðferðirnar sem lækarnir í þáttunum, sem auðvitað eru snillingar öll með tölu og heimsklassa vísindamenn í aukastarfi, finna upp eru þó oft frekar í líkingu við vísindaskáldskap en eitthvað sem er raunverulega í gangi.“

Annað sem Elin telur úr takti við raunveruleikann er allt fjörið sem gífurlega vel þjáfaðir unglækna-kropparnir stunda stanslaust í vakt-herbergjum spítalans.

„Ég þekki marga lækna og þau þvertaka öll fyrir að það sé svona mikið stuð, tja, allavega á Landspítalanum og Akademiska sjúkhuset hérna í Uppsöllum.“ ■

Nudd Nudd Nudd

Slökunarnudd í miðböc Reykjavíkur. Lausir tímar.

Sími 694 7881, Janna.

Málarar

Við erum löggiltir málarar. Tökum að okkur öll verkefni, stór og smá. Gerum tilboð eða tímavinnu og erum mjög sanngjarnir. Endilega hafa samband í síma 782 4540 eða í loggildurmalari@gmail.com

GEFÐU
HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar



Fékk helvítið hún Gurri enn eitt bingóið? Ég get svo svarið það.

Taktu bingóið upp á næsta stig

arnartomas@frettabladid.is

Páskarnir eru handan við hornið með öllum sínum súkkulaðihúðaða boðskap Jesú Krists. Á þessum tíma sem við minnumst upprisu frelsarans vakna blóðþyrstir hákarlar úr dvala með boxin full af Bic-pennum og heyrnartækin stillt svo upplasar tölur heyrast hátt og snjallt. Bingóvertiðin er við það að hefjast.

Þótt bingó geti á yfirborðinu virst vera einhvers konar slembilukkusvall þá er hægt að grípa til ýmissa vélabragða til að hámarka vinningslíkurnar. Fréttablaðið hefur tekið saman nokkur lævis ráð svo lesendur geti tekið bingóið upp á næsta stig.

1. Fækkaðu andstæðingunum

Fjöldi bingóa í sal er fasti – því færri sem andstæðingarnir eru, því hlutfallslega fleiri bingó falla í þinn garð. Það er því ráðlagt að grípa til allra mögulegra ráða til þess að fækka andstæðingunum. Falsaðu skiltið á leiðinni í bingósalinn svo að andstæðingar þínir fari villur vega. Sprengdu svo dekkið á bílnum hjá Gurri svo hún komist ekki í bingósalinn.

2. Veldu besta sætið

Hljóð og hljóðburður er lykilaríði í bingó því þú vilt ekki missa af einni einustu tölu. Mættu snemma og hlammaðu þér niður sem næst kúluvélinni til þess að þú heyrir nú ábyggilega allt sem kynnirinn æpir.

3. Fjölgaðu spjöldunum

Heppnin er vissulega stór hluti af bingó en blessunarlega er hægt að kaupa sér fleiri spjöld. Sérú blautur á bak við bingóeyrun er þó ekki ráðlagt að kaupa of mörg spjöld því þá getur reynst erfitt að halda utan um bókhaldið.

Það er svo gott að muna að rétta bingóviðhorfið er ekki að reyna að skemmta sér, heldur að fá sem flest bingó. Þá fyrst veit Gurri hver er raunverulega bestur í bingó. ■



Karen Björg ásamt syni sínum en hún er að vinna í handriti sem byggist á starfsreynslu hennar á geðdeildinni á Kleppi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kleppur og kennarastofan

Karen Björg Eyfjörð er með marga penna á lofti og vinnur meðal annars í þáttum um reynslu sína af geðdeild og um ástir og örlög á kennarastofunni.

arnartomas@frettabladid.is

Handritshöfundurinn Karen Björg Eyfjörð er með nóg á prjónunum. Hún hefur sinnt handritaskrifum fyrir þættina Venjulegt fólk og Arfurinn minn sem nú eru sýndir í Sjónvarpi Simans auk þess að vera með fleiri verkefni handan við hornið.

Er þetta ekkert vesen?

„Jú, sérstaklega þegar maður er með eins árs gamalt barn sem er ekki komið inn á leikskóla,“ svarar Karen en bætir við að bæði handritateymin hafa verið svo yndisleg að sækja mæðginin heim með vinnuna. „Svo getur það líka verið erfitt að svissa úr einni sögu í aðra í heilanum, en þetta er bara svo skemmtilegt að það er ekkert mál enn þá!“

Arfurinn minn er þriðja og síðasta serían um karlfauskinn Benedikt, leikinn af Ladda, sem er nú kominn á líknardeild. Þar fer Karen einnig með hlutverk Ölmú sem hristir upp í lífi Benedikts á deildinni. Karen hefur lengi haft gaman af því að leika og segir það hjálpa til við handritaskrifin.

„Það hjálpar klárlega að hafa smá leiklistarviðhorf þegar kemur að skrifunum,“ segir hún.

Misskilningur um geðheilbrigði

Karen, sem er sálfræðimenntuð og vann um tíma á Kleppi, er einnig með handrit í vinnslu sem byggir á starfsreynslu hennar á geðdeildinni.

„Það sem veitti mér mestan innblástur til að skrifa um það að vinna á geðdeild var hversu mikill misskilningur er í samfélaginu um hvernig starfinu þar er háttað,“ útskýrir hún. „Fólk þekkir oft bara geðsjúkrahús út frá bímyndum þar sem hlutirnir eru oft grafalvarlegir og hræðilegir. En inni á geðdeildum er oft mikil ást og fjölskyldustemning.“



Það hjálpar klárlega að hafa smá leiklistarviðhorf þegar kemur að skrifunum.

ing. Það er næstskemmtilegasta vinna sem ég hef verið í.“

Skortur á fjármagni í heilbrigðiskerfinu litaði einnig reynslu Karenar af geðdeildinni.

„Á deildinni sem ég vann á var margt bókstaflega hættulegt af því það hafði ekki verið endurnýjað, eins og til dæmis sturtarnar. Það var sérstakt verklag í kringum þær, maður getur rétt ímyndað sér hvað

það geti verið niðurlægjandi fyrir skjólstæðinga sem langar bara að fara í sturtu!“

Pólitíkin á kennarastofunni

Þá er enn annað handrit í vinnslu fyrir Sjónvarp Simans sem fjallar um lífið á kennarastofunni og alla þá pólitík sem þar ríkir.

„Þetta er í rauninni litill ástarsaga sem gerist í skálduðum grunnskóla einhvers staðar á landinu,“ segir Karen sem fékk ásamt teymi sínu að hanga á kennarastofunni í Öldutúnsskóla til að undirbúa sig fyrir verkefnið. „Það var massa áhugavert, þínu eins og að vera baksviðs, því maður mátti auðvitað ekki stíga fæti þar inn sem barn.“

Karen gekk í Grenivíkurskóla sem barn þar sem kennarastofan var, rétt eins og í öðrum grunnskólum landsins, sveipuð mikilli dulúð.

„Nemendurnir máttu ekki vera með nammi eða tyggjó,“ rifjar hún upp. „Það var svo sjókk þegar maður sá loksins þarna inn og rak augun í Mars, Diet Coke og tyggjopakka!“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Í HELGARBLAÐINU

Á meðan þú svafst

Í tæpar tvær vikur var Elvu Dögg Sigþórsdóttur haldið sofandi í öndunarvél á meðan hún upplifði hryllilegustu martröð lífs síns. Á milli svefns og vöku afmáðust skilin á milli draums og raunveruleika. Var hún stödd á gjörgæslu innan um vel meinandi heilbrigðisstarfsmenn eða í yfirgefnu húsnæði með fólki sem vildi henni illt? Það tók hana margar vikur að finna svarið.



Draumar morgundagsins nóg fyrir mig

Hjörtur Jóhann Jónsson fer með aðalhlutverk í íslensku hryllingsmyndinni Óráð sem frumsýnd var í gær. Hjörtur áttaði sig seint á því að hann ætlaði að verða leikari en elskar vinnuna sína, sem hann ræðir hér af einlægni ásamt lífinu og tilverunni.



Neitað um lyf sem gæti breytt lífi hans vegna aldurs

Ísak Sigurðsson er þriggja barna faðir á fertugsaldri og hugbúnaðarsérfræðingur. Hann er með vöðva- og taugahrönnunarsjúkdóm sem nú er hægt að meðhöndla en fær ekki lyf því hann er of gamall.



CHRIS
PINE

MICHELLE
RODRIGUEZ

REGÉ-JEAN
PAGE

JUSTICE
SMITH

SOPHIA
LILLIS

AND HUGH
GRANT

DUNGEONS & DRAGONS

HONOR AMONG THIEVES

KOMIN Í BÍÓ

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Páskagreinar
Forsythia. 10005895
1.590kr



Páskaliljur
Í potti. Kerami pottar
fylgja ekki. 10005895
899kr



Perluliljur
Í potti. 10327505
1.290kr



blómavali

Páskar í Blómavali

Páskablómin eru komin



Páskalilja
Búnt. 10000089

1.990kr



33%

Páskatúlípanar
10 stk.

1.990kr
~~2.990~~kr



30%

Ástareldur
Verð frá:

693kr
~~990~~kr



BAKÞANKAR

Jóhanna Vigdísar
GuðmundsdótturHandan
sannleikans

Því betur sem ég kynnist mönnum, því vænna þykir mér um hundinn minn. Friðrik II. konungur Prússa virðist á þessum tímabili nokkuð þreyttur á samferðamönnum sínum.

Mannkynssagan er skrifuð af sigurvegurum. Fullyrðingin hefur að einhverju leyti staðist tímans tönn, enda festa þeir sem skrifa söguna þar með heimsmynd sína og gildi í sessi, hversu slæm sem þau eru. Staðreyndirnar sem birtast í sögunni verða sannleikurinn sem heimsmynd okkar byggir á. Hugtök eins og staðreyndir og sannleikur eru líka, líkt og mannkynssagan, hlaðin gildismati og það byggir á samfélaginu sem við sprettum úr.

Heimskt er heimaalið barn. Málshátturinn stenst ekki alveg nútíma-kröfur þegar litið er til fordóma. Það breytir því þó ekki að gildismat þess sem kíkir aldrei út úr sínum eigin litla bergmálshelli getur orðið ansi heimóttarlegt. Þegar við kynnumst menningu og skoðunum sem eru ólíkar okkar er aftur á móti hættu á því að sjóndeildarhringurinn vikki. Við gætum jafnvel uppgötvað að eigin skoðanir eru ekki heilagur sannleikur.

Albert Einstein hélt því fram að allir væru snillingar. Einstein sagði líka að ef við dæmdum fisk út frá hæfileikum hans til að klifra upp tré þá myndi fiskurinn, og allir aðrir, halda að hann væri heimskur. Ef við reynum að nota fjölbreyttari mælistikur en þær sem henta okkur þá gætum við komist að því að aðrir hafa meira til málanna að leggja.

Útgáfustarfsemi handhafa sannleikans, sófaspekinga okkar tíma, hefur vaxið fiskur um hrygg með tilkomu samfélagsmiðla. Væntumþykja í garð hundsins míns hefur aukist, í sama hlutfalli. ■



POTTURINN STEFNIR Í

105

MILLJÓNIR


 Þægilegt
í appinu


 inná
lotto.is


 eða næsta
sölustað


LEIKURINN OKKAR